



Það verður að vera gaman

Ef þú gerir aðeins einn hlut á dag sem þú hefur aldrei gert áður þá breytist margt, segir leikstjórinn Charlotte Bøving sem ákvað að rannsaka dauðann og semja um hann leikverk. ➔ 24



Ég hélt ég myndi ekki vinna aftur.



Eyðilegging

Florence herjar á Bandaríkin og Mangkhut á Filippseyjar. ➔ 12



Það má aldrei taka neinu sem gefnu. Það er sama hvaðan það kemur.



Falsfréttir dreifast um heiminn

Ingibjörg Þórðardóttir ritstjóri á CNN. ➔ 28

KRONAN

Ný islensk uppskera

85 H HEKLA

Jói P. og Króli taka lagið kl. 14.

Fullt hús

jeppa og jeplinga í Heklu í dag milli 12 og 16.

Veður



Vaxandi austlæg átt í dag, 10-20 og rigning um landið sunnanvert síðdegis, hvassast undir Eyjafjöllum og SA-lands. Hægari og þurr að kalla norðan til fram á kvöld.
SIÁ SÍÐU 44

WOW air fyrir vind

VIÐSKIPTI WOW air hefur náð að tryggja sér að lágmarki 50 milljónir evra, eða sem nemur 6,4 milljörðum króna, með skuldabréfaútbóði sem flugfélagið lagði upp með þegar ráðist var í útbóðið fyrir um mánuði.



Skúli Mogensen, forstjóri WOW air.

Útboðinu lýkur á þriðjudaginn. Töluverður tiringur hefur verið á hlutabréfamarkaði í vikunni vegna stöðu WOW. Hefur gengi krónunnar og hlutabréfa í Icelandair sveiflast í takt við væntingar um niðurstöðu skuldabréfaútbóðsins. – **tfh**

Segir stjórnina styðja forstjóra

REYKJAVÍK Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) fundaði í gær með Bjarna Bjarnasyni forstjóra vegna þeirrar ákvörðunar stjórnar Orku náttúrunnar (ON) fyrr í vikunni að reka Bjarna Má Júlíusson úr starfi framkvæmdastjóra ON. Forstjórinn er einnig stjórnarformaður ON.

Eftir fundinn lýsti stjórnarformaður OR, Brynhildur Davíðsdóttir, yfir stuðningi við forstjórnann og ákvörðun stjórnar ON. – **smj**

LEIÐRÉTTING

Í Skotsilfri Markaðarins, sem birtist síðastliðinn miðvikudag, var ranglega fullyrt að Helgi Már Björgvinsson, sem vinnur að stefnumótandi verkefnum fyrir Icelandair Group, hefði nýlega látið af störfum hjá flugfélaginu. Það er velvörðingur á þessum mistökum.

Öllu tjaldað til við búningagerðina



Það verður öllu tjaldað til í Laugardalshöllinni um helgina þegar Midgard 2018 ráðstefnan fer fram. Mikili verður um dýrðir og ber þar helst að nefna tölvuleiki, bækur, teiknimyndasögur, borðspil og búningaleiki auk þess sem fram fara kynningar, umræður og keppnir. Katla og Huginn voru í óðaönn að máta vígalega búninga sína fyrir búningakeppnina um helgina. Hér er ekkert til sparað til að fullkomna lúkkjó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stal rafmagni fyrir 270 þúsund

DÓMSMÁL Karlmaður á sextugsaldri var í Héraðsdómi Vestfjarða í vikunni dæmdur í þrjátíu daga skil-orðsbundið fangelsi fyrir að stela rafmagni frá Orkubúi Vestfjarða (OV). Aætlað verðmæti hinnar stolnu orku er allt að 270 þúsund krónur.

Brotið, sem maðurinn játaði undanbragðalaust, var framið með því að maðurinn tengdi rafstreg fyrir hitatúbu húss síns beint inn á aðalvör neysluveitu þess. Með því komst hann fram hjá raforkumæli OV og þannig kom orkunotkunin ekki fram á orkumælunum. Af þeim sökum var ekki hægt að gefa út reikning fyrir notkuninni.

Talið er að brotið hafi hafist í árslok 2015 og staðið yfir fram í júlí 2017. Aætlað er að hann hafi stolið allt að 34.546 kilovattstundum af rafmagni. – **joe**

Samræmd íslenskupróf eru í stöðugri þróun

Forstjóri Menntamálastofnunar segir að varast þurfi að draga of miklar ályktanir út frá einstaka spurningum í samræmdu íslenskuprófi. Hann fagnar umræðu um hlutverk og innihald prófanna. Mikil vinna liggir á bak við gerð þeirra.

MENNTAMÁL „Við fögnum þessari umræðu um hlutverk og innihald samræmdu prófanna. Við virðum það að Eiríkur brennur fyrir íslenskunni og hefur áhyggjur af stöðu hennar í samfélaginu. Það sem þarf samt að varast er að draga of miklar ályktanir út frá einstaka spurningum eða sýniprófum varðandi áhrif samræmdu prófanna á íslenskuna,“ segir Arnór Guðmundsson forstjóri Menntamálastofnunar.

Arnór er að visa til gagnrýni Eiríks Rögnvaldssonar, prófessors emeritus í íslenskrí málfræði, á samræmt próf í íslensku fyrir 9. bekk. Telur Eiríkur að áherslurnar í prófinu séu kolrangar og ekki í samræmi við námskrá. Spurningar snúist um máltilfinningu en ekki kunnáttu og þekkingu. Þá séu prófin ekki til þess fallin að stuðla að jákvæðu viðhorfi nemenda til tungumálsins.

„Við teljum að prófin séu í samræmi við námskrá. Spurningarnar eru kerfisbundið tengdar við námskrá. Það urðu miklar breytingar á henni fyrir fimm árum og nú er meiri áhersla lögð á hæfni en minni á einstök þekkingaratriði,“ segir Arnór.

Hann segir að prófin séu í sífelldri þróun og bendir á að mikil vinna liggir á bak við gerð hvers prófs. „Það tekur tvö ár að þróa hvert próf og þau eru forþróuð í skólunum. Þau eru líka yfirfarin af sérfræðingum og við metum reynsluna af einstaka spurningum.“

Arnór bendir á að nemendur séu tíu ár í grunnskóla en það taki þá einungis fjórar klukkustundir samtals að þreyta samræmt próf í íslensku í 4., 7. og 9. bekk.



Forstjóri Menntamálastofnunar varar við að of miklar ályktanir séu dregnar út frá einstaka spurningum eða sýniprófum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

●● **Að ætla það að prófin hafi svona mikil áhrif á stöðu íslenskunnar finnst mér ansi djarfar ályktanir.**

Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar

„Að ætla það að prófin hafi svona mikil áhrif á stöðu íslenskunnar finnst mér ansi djarfar ályktanir. Það er hægt að dæma spurningar út frá íslenskunni sem slíkri en við

horfum líka á próffræðilega mælikvarða. Einhverjum spurningum eiga bara mjög góðir nemendur að geta svarað. Við þurfum að hafa breidd í spurningunum.“

Arnór segir að stór hluti námsmats fari fram í skólunum. „Við höfum sýnt fram á að það er mikið samræmi milli þess mats og niðurstaðna prófanna. Þau hafa mikið forspárgildi um áframhaldandi nám nemenda, jafnvel upp í háskólana. Samræmdu prófin eru mikilvægur mælikvarði og gefa skólum, sveitarfélögum og stjórnvöldum upplýsingar um stöðuna.“

sighvatur@frettabladid.is

www.eyesland.is

Frábær krakkagleraugu

Léttar og sveigjanlegar umgjarnir. Skoðið úvalið hjá okkur!

E YES LAND gleraugu

TÖLUR VIKUNNAR 09.09.2018 - 15.09.2018

706.000

krónur voru heildar-
mánaðarlaun fullvinn-
andi launamanna að
meðaltali í fyrra. Mið-
gildi heildarlauna var
618.000 krónur og var
því helmingur launa-
manna með laun
undir þeirri upphæð
og helmingur yfir.

**300**

tilkynn-
ingar um
kyn-
ferðisbrot
bárust lög-
reglunná
á höfuð-
borgar-
svæðinu í
fyrra.

15

vetnisbilar eru nú í
notkun hér á landi.
Þeir eru að mestu í
notkun hjá fyrirtækj-
um og stofnunum.

**2030**

verður nýskráningu
bensin- og dísilbila
hætt samkvæmt að-
gerðaaætlun stjórn-
valda í loftslagsmálum.

29

milljarða króna
afgangur verður af rekstri
ríkisjóðs á næsta ári
samkvæmt fjárlagafrum-
varpinu
sem
kynnt var
í vikunni.

**105.000**

tonn tæp var fiskafli íslenskra skipa í
ágúst eða 13 prósentum minni en í ágúst
2017. Heildarafli á 12 mánaða tímabili frá
september 2017 til ágúst 2018 var rúmlega
1.389 þúsund tonn sem er 5 prósentu sam-
dráttur miðað við sama tímabil ári fyrr.

Þrír í fréttum Bolti, neyð og hrútskýring

Erik Hamrén

þjálfari karlalandsliðsins í fótbolta
sagði 0-3 tapíð fyrir
bronsliði Belgíu
frá HM fina
frammistöðu
og nauðsynlega
eftir 0-6 tapíð
fyrir Sviss.

**Árni Gunnarsson**

formaður Rauða krossins í
Reykjavík

sagði að Rauði
krossinn safnaði
tjöldum, svefn-
pokum og
dýnum fyrir
heimilislausa.
Að gefa tjald væri
algjört neyðarúrræði
sem í raun ætti ekki að viðgang-
ast í nútíma velferðarþjóðfélagi.

**Hallgrímur Helgason**

rithöfundur

er óánægður
með að ekki
eigi að afnema
virðisaukaskatt
á bækur. Sagði
hann langar
skýringar á því í
fjárlagafrumvarpinu
virka sem hlægilega hrútskýringu
karlanna í fjármálaráðuneytinu
tileinkaða bókhneigðum konum
á ráðherrastöli. „Þetta er í raun
algjört bla bla og ansi undarlegur
texti í fjárlagafrumvarpi.“



FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti
kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Frétta-
blaðsins á [www.frettabladid.is/
nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

Þráttað um vernd lögaðila gegn endurtekinni málsmeðferð

Lögaðilar geta illa aumkað sér yfir endurtekinni málsmeðferð í skattamálum, segir vararíkissaksóknari. Málflutningur um hvort þeir njóti verndar ákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu um bann við slíku fór fram í Hæstarétti í vikunni. Verjandi telur óumdeilt að greinin nái líka yfir málsmeðferð í tilfalli félaga.

DÓMSMÁL Deilt var um það í málflutningi í Hæstarétti í vikunni hvort lögaðilar njóti verndar ákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sem kveður á um bann við endurtekinni málsmeðferð.

Lengi hefur það tíðkast í íslenskum rétti að refsing við skattalagabrotum sé tvöföld, það er annars vegar sekt eða álag sem mönnum er gert að greiða hjá skattayfirvöldum og hins vegar rektur sakamáls fyrir dómstólum. Með tveimur dómum Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE), í fyrsta lagi í máli gegn Norgegi árið 2016 og öðru lagi í máli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar, var því slegið föstu að ákvæði MSE útilokaði ekki að fjallað væri um brot í tveimur aðskildum málum að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

Síðasta haust kvað Hæstiréttur upp dóm þar sem kveðið var á um hvaða skilyrði þyrftu að vera uppfyllt til að slíkt væri heimilt. Síðan þá hafa verið kveðnir upp dómur og frávisunarúrskurðir í héraði og Landsrétti á grundvelli þess dóms.

Málið sem flutt var í Hæstarétti í vikunni er slíkt mál. Í Landsrétti í maí var kveðinn upp dómur í máli ákærvaldsins gegn fjórum félögum og framkvæmdastjóra þeirra en virðisaukaskattskýrslum fyrir árið 2011 var ekki skilað af þeirra hálfu. Niðurstaða Landsréttar var sú að þætti félaganna fjögurra var vísað frá dómi vegna endurtekkinnar málsmeðferðar í andstöðu við MSE. Framkvæmdastjórinn var dæmdur í átta mánaða fangelsi og til greiðslu 16,4 milljóna sektar þar sem þáttur hans hafði ekki verið til skoðunar á stjórnýslustigi.

Ríkissaksóknari sótti um kær-
leypu til Hæstaréttar til að fá frá-
visunina endurskoðaða. Er sú krafa
byggð á tvenns konar rökum. Annars
vegars á því að í þessu máli sé um
virðisaukaskatt að ræða en ekki
tekjuskatt líkt og í dómi Hæsta-
réttar frá síðasta hausti. Í lögum
um tekjuskatt sé veitt heimild til
að leggja álag á skattstofn sé
ekki talið fram innan tilskilins
frests eða ef annmarkar eru á
skattframtali. Framkvæmdin í
virðisaukaskattsmálum sé
allt öðruvísi. Þar leggist eitt
prósent álag á fyrir hvern dag
sem skil dragast, þó að
hámarki tíu pró-
sent.



Málflutningur fór fram í Hæstarétti á þriðjudag og mun dómur liggja fyrir á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Það álag er
lagt sjálfkrafa á
af tölvu og því
kemur í raun



**Helgi Magnús
Gunnarsson**
vararíkissak-
sóknari.

ekki til ákvörðunar þar um,“ sagði
Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissak-
sóknari í málflutningsræðu sinni.
Álag samkvæmt virðisaukaskatt-
slögum beri því einkenni dráttar-
vaxta en ekki refsíákvörðunar.

Hin rök ákærvaldsins snúa að
því að ekki sé ljóst hvort lög-
aðilar njóti þeirrar verndar
sem kveðið er á um í
umræddu ákvæði MSE.
Málið hafi verið kært til
Hæstaréttar til að fá úr
því skorið.

„MSE er að stórum
hluta þögull um lög-“

aðila og mörg réttindi sáttmálsans
eru þess eðlis að lögaðilar geti notið
þeirra,“ sagði Helgi. „Félög geta illa
latið sér líða illa yfir því hvort þau
hafi fengið tvöfalda málsmeðferð
eður ei.“

Þjörgvin Þorsteinsson, verjandi
félaganna fjögurra, vísaði á móti í
Ne bis in idem, rit Róberts Spanó
dómara við MDE, þar sem segir að
óumdeilt sé að lögaðilar njóti þess-
rar verndar. Einnig gerði hann að
umræðuefni ójafnvægi sem hann
telur felast í því að ákærvaldið hafi
fengið samþykkt kæruleyfi vegna
frávisunarinnar en ekki hafi verið
fallist á áfrýjunarleyfi vegna efnis-
dómsins. Skjólstæðing hans sé lík-
lega sá kostur nauðugur að leita til
MDE vegna þessa.

Dómur Hæstaréttar er væntanlegur
á næstu vikum. joli@frettabladid.is

fiat.is

FIAT 500 - FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ!

AÐEINS 10 BÍLAR Á ÞESSU
EINSTAKA VERÐI FRÁ
1.790.000 KR.



5 ÁRA
ÁBYRGÐ

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG GLÆSILEGAN FIAT 500 MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ
TILBOÐSVERÐ FRÁ: **1.790.000 KR.** – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.



ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI FIAT Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**MILLJÓNIR
ERU FUNDIÐ FÉ**

53

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 53 MILLJÓNIR Í DAG



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjábandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

X-LÍNA OPEL ER FULLKOMNUÐ
Nýr Grandland X fullkomnar flokk sportjepplinga frá Opel.



Blítt með fyrirvara um myndir og textabreytingar.

Kynntu þér Opel og bókaðu reynsluakstur á grandland.opel.is

Barna
THE FUTURE IS EVERYONE'S

WORLD ENERGY ISSUE MONITOR 2018
SKÝRSLA ALPJÓÐA ÖRKURÁÐSINS
HVERJAR ERU ÁSKORANIR ÍSLANDS?

KYNNINGARFUNDUR
Föstudaginn 21. sept. kl. 8:30 – 10:00
Hylur, Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35

Setning
Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri
World Energy Issues Monitor: Global Issues
– Einari Kiesel, framkvæmdastjóri World Energy Council Europe
World Energy Issue Monitor - Iceland
– Baldur Pétursson, verkefnisstjóri fjölþjóðleg verkefni og PR
Staða Íslands - viðhorf - umræður
Fundarstjóri – Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorka

ORKUSTOFNUN SAMORKA

KVÍÐAMEÐFERÐARSTÖÐIN

Velliðan í starfi
– bjargráð við kulnun

Erta úrvinda eftir langvinnt álag? Finnurðu fyrir auknum

- minnistrúfflumum og einbeitingarerfiðleikum
- erfiðleikum með að standast kröfur og álag
- streitu eða óróleika
- skapsveiflum eða pirringi
- svefntruflunum
- þreytu og úthaldsleysi
- líkamlegum óþægindum

15. október hefst sex vikna námskeið við Kvíðameðferðarstöðina þar sem farið er yfir hvernig draga megi úr streitu, endurheimta þrek, bæta tímastjórnun, huga að gildum í lífinu og setja skýrari mörk.

Nánari upplýsingar og skráning á www.kms.is.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TEYFNA ÖRNBERGANG
EVA DÖGLÉYST ÖRN
A 16 1100



Verjendur Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars, Jón Magnússon og Jón Steinar Gunnlaugsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Minnisleysi lögreglu og sakborninga rætt í gær

Upphaf Guðmundarmáls var rætt í Hæstarétti í gær. Rannsakendur málsins muna ekki hvað hleypti því af stað. Talið að refsifangi hafi fengið frelsi gegn því að vísa á sakborninga. Hann var yfirheyrður fyrir tveimur árum vegna málsins.

DÓMSMÁL Málflutningi lauk í Guðmundar- og Geirfinnsmálum í Hæstarétti í gær. Guðjón Ólafur Jónsson, verjandi Alberts Klahn Skaftasonar, og Jón Magnússon, verjandi Tryggva Rúnars Leifssonar, fluttu mál sinna skjólstaðinga sem voru báðir sakfelldir fyrir aðild að Guðmundarmálinu.

Verjendum varð tíðrætt um minnisleysi rannsóknaraðila málsins sem kvaddir voru til skýrslutóku 11. janúar 2016 þar sem þeir voru spurðir um upphaf rannsóknar Guðmundarmálsins fjórutíu árum áður, í desember 1975. Fulltrúi sakaðómara hafi sagt að hann gæti ekki svarað því hvaðan orðumurinn hefði komið. Hafi hann vitað það væri hann búinn að gleyma því. Lögreglumennirnir fyrrverandi mundu þetta hvorugur. Furðuðu verjendur sig á því að rannsóknaraðilar hefðu ekki munað hvað hleypti málinu af stað og hvers vegna grunur beindist að þeim sem að lokum voru dæmd fyrir málið.

Vísaði Jón Magnússon til gagna sem sýndu að vitnisburður þáverandi refsifanga á Litla-Hrauni hefði sett málið af stað og hefði hann gengist við því sjálfur að hafa logið að rannsóknarmönnum til að sleppa úr fangelsi.

Vitni sem gaf sig fram við lögreglu 2014 sagði umræddan mann hafa ekið á Guðmund Einarsson nottina sem hann hvarf. Var hann handtekinn og yfirheyrður í kjölfarið.

Verjendur Tryggva Rúnars og Alberts lýstu því hvað skjólstaðingum þeirra hefði gengið illa að muna þá atburði sem þeim var gefið að sök að hafa átt þátt í en hefðu engu að síður verið óhemju samvinnuþýðir og lagt sig alla fram við að aðstoða lögreglumennina sem þeir litu á sem vini sína meðan á einangrunarvist þeirra stóð. Verjandi Alberts lýsti því hvernig ólöglegum og óeðlilegum rannsóknaraðferðum hefði verið beitt til að hjálpa Alberti að muna eftir atburðum sem hann upplifði aldrei og vísaði þar til svokallaðra sefjunarfunda.

Verjandi Tryggva Rúnars vísaði til tjáningaskýrslna hans þar sem hann skráði slagsmál sem hann mundi eftir og smávægileg afbrot.

Af huldumanni Guðmundarmálsins

Endurupptökunefnd leiðir að því líkur í úrskurðum sínum að upphaf rannsóknar Guðmundarmálsins megi rekja til refsifanga á Litla-Hrauni sem hafi fengið fyrirgreiðslu hjá lögreglu gegn upplýsingum sem hann veitti í desember 1975.

Ályktun endurupptökunefndar um upphaf rannsóknarinnar:
„Gögn sem lögð hafa verið fyrir endurupptökunefnd benda sterklega til þess að [SSA] hafi veitt lögreglu upplýsingar sem leiddu til þess að grunur beindist að dómfelldu um aðild að hvarfi Guðmundar. [SSA] hafði verið í aðflánu refsisdóms á Litla-Hrauni og hafði verið þar með dómfellda Kristjáni Viðari. Það hvernig staðið var að hléi á aðflánu refsisdóms [SSA] og rannsókn nýs brots, sem hann gerði sig strax sekan um í kjölfarið og játaði að hafa framið, gefur sterklega til kynna að hann hafi veitt þessar upplýsingar í því skyni að sleppa betur frá sínum eigin afbrotum.“

Sagður hafa ekið á Guðmund
Maður þessi var handtekinn og yfirheyrður í júní 2016 í kjölfar framburðar vitnis sem gaf sig fram við lögreglu. Vitnið er fyrrverandi sambýliskona mannsins og skýrði hún frá því að hún hefði verið farþegi í bíl undir hans stjórn þegar ekið var á Guðmund Einarsson að-farannt 27. janúar 1974. Hún hafi

setið í aftursæti og vinur sambýlismannsins frammi í. Eftir ákeysluna hafi Guðmundur verið tekinn upp í bílinn. Henni hafi svo verið ekið heim en mjög hafi verið dregið af Guðmundi þegar hún yfirgaf bílinn við heimili sitt.

Maðurinn neitaði þessu staðfastlega í yfirheyrslu en aðspurður um samskipti við rannsóknarlögregluna á þessum tíma svaraði hann því til að hann hefði sífellt verið að ljúga í þá sögum á þessum tíma.

Bauð upplýsingar um Guðmund og Geirfinn gegn reynslulausn
Petta var ekki eina skiptið sem þessi úrræðagæði sakamaður blandaði sér í Guðmundar- og Geirfinnsmál. Í úrskurðinum er

vísad til skýrslu frá vorinu 1978 þar sem hann segir lögreglunni á Selfossi og fulltrúa sýslumanns að bæði Guðmundur og Geirfinnur væru grafnir í húsagarði í Reykjavík, það hefði hann eftir Kristjáni Viðari sem

hefði sýnt sér staðinn þegar þeir struku saman af Litla-Hrauni áður en Kristján Viðar var úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna Guðmundarmálsins. Maðurinn benti á bakgarð við Grettisgötu. Í skýrslunni komi fram að upphaflega hefði hann ekki viljað skýra frá þessu nema hann fengi að vera viðstaddur uppgröftinn. Svo snerist honum hugur og hann neitaði að staðfesta vitneskju sína nema hann fengi reynslulausn.

Ef ég hefði búist við þessu þá hefði ég aldrei játað mig inn í þetta mál. Ég hélt með því að játa mig inn í þetta slyppi ég út á meðan málið kæmi fyrir dóm.

Dagbók Tryggva Rúnars Leifssonar
29. mars 1977

Skýrslunnar er getið í úrskurðum endurupptökunefndar. Hún er stíluð á tiltekinn rannsóknarlögreglumann, frá Tryggva Rúnari. Á forsiðu hennar er skrifuð þessi athugasemd: „P.s. það sem mér rífast upp og ég festi á blað, til minnis hjá mér og verði vonandi til góðs í þessu leiðindamáli sem við getum kallað „mál minnisleysisins hjá mér“ og ég held að það megi fullyrði Kristjáni [sic].“
adalheidur@frettabladid.is



Frost Fighter

Stærðir 21-35
Svartir 21-39

7.699 kr



New Splash Winter

Stærðir 21-35

4.799 kr



Totak

Stærðir 21-30
Svartir 21-33

11.499 kr



Tokke

Stærðir 20-30

11.499 kr



Playtime

Stærðir 21-30

12.999 kr



Eagle

Stærðir 33-43

12.999 kr



Molde Mid

Stærðir 31-41

6.999 kr



Amber

Stærðir 31-41

13.999 kr



Mira Warm

Stærðir 30-39

6.299 kr



Slagbjörn

Stærðir 30-41

5.999 kr



Noble Winter

Stærðir 36-42

10.999 kr



Foxy Winter

Stærðir 36-42

9.999 kr

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 15 milljónir króna í samfélagsstyrki árið 2018. Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 3. október næstkomandi.

Verkefni sem einkum koma til greina:

- » Verkefni á vegum mannúðarsamtaka og góðgerðarfélagana
- » Verkefni á sviði menningar og lista
- » Menntamál, rannsóknir og vísindi
- » Forvarna- og æskulýðsstarf
- » Sérstæk útgáfustarfsemi

Veittir eru styrkir í þremur þrepum:

- » 1.000.000 kr.
- » 500.000 kr.
- » 250.000 kr.

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með miðvikudeginum 3. október 2018. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Samfélagsgjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Meðal styrkveitinga úr sjóðnum eru námsstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Efri fiskurinn er regnbogasilungur sem veiddist í Fljóta árið 2015. Fyrir neðan hann á myndinni er silungur úr stofni árinna. MYND/ORRI VIGFÚSSON

Ekki frestun á leyfi til eldis

Náttúruverndarsamtök Íslands og veiðifélag segja fyrirhugað eldi á regnbogasilungi í Fáskrúðsfirði stefna villtum stofnum í hættu. Starfsleyfið stendur.

FISKELDI Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála neitar að fresta réttaráhrifum ákvörðunar um að veita starfsleyfi fyrir regnbogasilungselði í Fáskrúðsfirði.

Stofnunin veitti þann 22. júní Fiskeldi Austfjarða starfsleyfi fyrir þrjú þúsund tonna regnbogasilungselði í Fáskrúðsfirði. Þá ákvörðun kærðu Náttúruverndarsamtök Íslands, Veiðifélag Breiðdæla, Veiðifélag Hofsóar og Sunnudalsár, Veiðifélag Selár og Veiðifélag Vesturdalsár. Í kærinni var þess krafist að ákvörðunin yrði felld úr gildi og jafnframt að réttaráhrifum hennar yrði frestað á meðan úrskurðarnefndin væri með kærna til meðferðar.

„Kærandur taka fram að þeir eigi mikilla hagsmuna að gæta um að ekki verði stefnt í hættu lífríki Breiðdalsár, Hofsóar, Sunnudalsár, Selár og Vesturdalsár, þar á meðal hinum villtu laxa- og silungastofnum áanna, með lúsafari, sjúkdómsmiti og mengun frá erlendum og framandi regnbogasilungi, sem enginn mót-mæli að muni sleppa í meira og minna mæli úr fyrirhuguðu sjókvíeldi í Fáskrúðsfirði,“ segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að um sé að ræða endurnýjun á starfsleyfi sem heimili sama umfang og sömu staðsetningu og rekstraráðili hafi verið með. Fiskur hafi ekki enn verið settur út í kvíar og að ekki

hafi verið tilkynnt um útsetningu. Ekki hafi verið sýnt fram á ástæður sem leiði til þess að rétt sé að fresta réttaráhrifum ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis.

„Að því er kemur fram í úrskurðinum segir Fiskeldi Austfjarða öll efnisleg rök skorta fyrir kröfum kær-endanna. „Um sé að ræða eldi regnbogasilungs er tímigst ekki í íslenskrí náttúru og ekki séu skilyrði fyrir því að laxalús þrífist á Austfjörðum. Hagsmunir kæranda séu því allt annað en brýnir eða skýrir.“

Nefndin rekur að Skipulagsstofnun hafi árið 2004 komist að þeirri niðurstöðu að allt að þrjú þúsund tonna eldi á þorski á ári í Fáskrúðsfirði væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki hæð mati á umhverfisáhrifum. Fiskeldi Austfjarða hafi á árinu 2012 fengið að breyta leyfi sínu úr þorskelði í regnbogasilungselði. Ekki væri um aukningu á lífmassa að ræða og óveruleg hætta talin á að erfðaeftni regnbogasilungs blandaðist villtum fiskistofnum. Núverandi starfsleyfi tekur við af leyfinu frá 2012.

„Fyrir liggur að engin breyting verður á starfsemi vegna nýs starfsleyfis enda hefur leyfishafi haft sams konar starfsleyfi fyrir fiskeldi á sama stað, þó svo að rekstur sé ekki hafinn,“ segir nefndin sem á þó enn á eftir að ákveða hvort eldisleyfið sjálf verður fellt úr gildi. gar@frettabladid.is

Vissir þú að...

holl og góðfæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétta



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

ABENA®

ABENA ÞVAGLEKAVÖRUR
FÁST Í REKSTRARLANDI
samþykktar af Sjúkratryggingum Íslands og Ríkiskaupum

Svörum fyrirspurnum fúslega í síma 515 1100 eða á heilbrigdi@rekstrarland.is

OPIÐ ALLA
VIRKA DAGA
KL. 8-17.




REKSTRARLAND

Rekstrarland | Vatnagördum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is

Íslenskt ál um allan heim

Eftir 10 ár má gera ráð fyrir að nánast enginn kaupi bensín- eða dísilbíl á Íslandi. Markmiðið er að nýta íslenska orku og minnka útblástur bíla niður í næstum ekkert. Með áli hefur tekist að létta rafbílum um mörg-hundruð kíló og þeir verða sífellt sprækari, langdrægari og hagkvæmari í framleiðslu. Ál og álblöndur frá Íslandi koma við sögu í mörgum bíltegundum og við hlökkum til framtíðarverkefna fyrir umhverfisvæna bílaframleiðendur.

Við fögnum þessari þróun og gleðjumst yfir okkar hlutverki í henni.



Að fórna öllu fyrir málstaðinn

Colin Kaepernick, leikstjórnandinn fyrrverandi, hefur enn á ný vakið mikið umtal í Bandaríkjunum. Auglýsingaherferð hans fyrir Nike kyndir undir mótmælum hans gegn kynþáttaförðum á ný og fyrirtækið malar gull á herferðinni.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



BANDARIKIN „Trúðu á eitthvað, jafnvel þótt það kosti þig allt.“ Þetta er slagorð auglýsingaherferðar sem íþróttavörurinn Nike ræðst í fyrir í mánuðinum með NFL-leikstjórnandann Colin Kaepernick í farabroddi. Auglýsingin fór öfugt ofan í bandaríska íhaldsmenn og hefur hinn umdeildi Kaepernick aldrei verið meira á milli tannanna á fólki.

En hvers vegna er Kaepernick, leikstjórnandi sem vann aldrei Ofurskálina svokölluðu, orðinn einn þekktasti NFL-leikmaður heims?

Upphafið
Kaepernick var 36. valdið í nýliðavali NFL-deildarinnar árið 2011 og



Auglýsing Nike með Colin Kaepernick í aðalhlutverki gnæfir yfir borgurum New York-borgar. NORDICPHOTOS/AFP

fór til San Francisco 49ers. Hann var varaleikstjórnandi liðsins á fyrsta tímabilinu en byrjaði að veita leikstjórnandanum Alex Smith hörkusamkeppni á öðru tímabili sínu.

Leikstjórnandinn náði að festa sig í sessi og hélt byrjunarstöðunni þangað til 2015 þegar hann missti hana til Blaines Gabbert, bæði vegna litillar trúar nýja þjálfarans Jims Tomula á honum sem og axlar-meisla og gekk honum illa að vinna stöðu sína aftur á ný.

Það voru þó ekki afrek Kaepernicks inni á vellinum sem urðu til þess að nafn hans varð ráðandi í stjórnmálaumræðu Bandaríkjanna. Sú saga hófst á undirbúningstímabilinu 2016. Í þriðja leik þess sást Kaepernick sitjandi á meðan þjóðsöngurinn var fluttur en venju samkvæmt standa þá leikmenn.

För á hnén

Þetta vakti athygli íþróttablaðamanna sem spurðu Kaepernick út í málið eftir leik. „Ég ætla ekki að standa til þess að sýna virðingu mína

fyrir fána ríkis sem kúgar hörundsdökka. Fyrir mér er þetta mál stærra en fótbolti og það væri sjálfseksa af minni hálfu að hundsda vandann. Lík leggjá á götum úti og hin ábyrgu fá launað fri og komast upp með morð,“ sagði Kaepernick þá.

Með þessum ummælum var Kaepernick að vísa í atburðarás sem leiddi til stofnunar hreyfingarinnar Black Lives Matter. Hreyfingin berst gegn lögregluöfubeldi sem beinst hefur að svörtum Bandaríkjamönnum og bendir á að fjöldi svartra og

óvopnaðra Bandaríkjamanna hafi verið myrtur af lögreglumönnum sem hafi fæstir þurft að svara fyrir gjörðir sínar.

Þrátt fyrir hörð orð bandarískra íhaldsmanna hélt Kaepernick striki sínu. Reyndar hafði hann breytt líkamsstöðu sinni og var komin niður á hnén í næsta leik, sagði það gert til þess að sýna bandaríska hernum meiri virðingu en halda samt sem áður áfram að mótmæla.

Umdeildir

Bandarískum íhaldsmönnum þykir Kaepernick sýna bandaríska hernum og Bandaríkjunum sjálfum vanvirðingu með því að krjúpa. Þá er vert að taka fram að Repúblikanar hafa ekki stutt Black Lives Matter.

Kaepernick sagðist í september 2016 hafa fengið líflátshótanir vegna málsins. „Ef þeim hótunum verður framfylgt myndi það sanna málstað minn,“ sagði leikstjórnandinn á þeim tíma. Í desember fjölluðu íþróttamiðlar svo um minnkandi áhorf á NFL-deildina þar sem fram kom að áhorfendur og hinn nýkjörni forseti kenndu Kaepernick um áhorfstapið.

Þann 3. mars 2017 lauk svo NFL-ferli Kaepernicks, að minnsta kosti í bili. Hann nýtti ákvæði í samningi sínum við 49ers og losnaði þannig.

Stærri en Kaepernick

Hreyfingin sem Kaepernick hefur hrint af stað er orðin stærri en hann sjálfur. Fleiri og fleiri leikmenn bætast í hópinn. Á meðal þeirra sem



Fullt

jeppa og jepplinga



hafa kropið eru knattspyrnukonan Megan Rapinoe, blakleikmenn West Virginia Teck og hafnaboltaleikmaðurinn Bruce Maxwell.

Svo virðist sem hreyfingin hafi líka valdið Trump miklu hugangri, enda hafa leikmenn undanfarið ár einnig tileinkað mótmæli sín stefnumálum hans. Í september 2017, á fjöldafundi í Alabama, krafðist Trump þess að eigendur NFL-deildarinnar myndu hreinlega reka leikmenn sem mótmæltu.

Barack Obama, sem var forseti þegar mótmælin hófust, er á öðru máli. Í september 2016 sagði hann að Kaepernick hefði stjórnskrárbundinn rétt til að mótmæla. „Hann hefur vakið meiri umræðu um mikilvæg málefni.“

Auglýsingin

Eftir að hafa staðið utanvalla frá því hann rifti samningi sínum sneri Kaepernick aftur af fullum krafti í umræðuna í upphafi mánaðar þegar hann var andlit nýrrar auglýsinga-herferðar Nike. Líkt og mótmælunum var auglýsinga-herferðinni afar misjafnlega tekið. Trump sagði hana senda „hrikaleg skilaboð sem ætti ekki að senda“ og ihalðsmenn tóku myndbönd af Nike-sköm brenna.

Hlutabréf í Nike hafa hins vegar risið Krápur. myndarlega frá



því að auglýsingaferðin fór í loftið. Demókratar og óháðir hafa flestir tekið vel í boðskapinn og í vikunni bárust þau tíundi að virði hlutabréfa í Nike hafi aldrei verið meira.

Framtíð Kaepernicks

En hvað kemur næst fyrir leikstjórnandann? Hann hefur ekki spilað í NFL-deildinni frá því að hann rifti samningi sínum og hefur höfðað mál gegn NFL-deildinni. Málið er á leið fyrir dóm en Kaepernick heldur því fram að eigendur liða í NFL-deildinni hafi komið sér saman um að halda honum utan deildarinnar sem Kaepernick telur brot á NFL-reglunum.

Kaepernick hefur þó nýtt tíma sinn vel. Hann hefur verið gerður að samviskusendiherri Amnesty International, borgara ársins hjá GQ og fengið heiðursverðlaun Muhammads Ali hjá Sports Illustrated. Þá hefur hann staðið við loford sem hann gaf haustið 2016 um að gefa milljón dala til samtaka sem ynnu að málstað hans um jafnrétti kynþátta.

Ólíklegt þykir að Kaepernick snúi aftur í NFL-deildina. Blaðamaður The Undeclared orðaði það svo, með vísun í málstaðinn: „Líkurnar á því að Colin Kaepernick spili aftur sem leikstjórnandi í NFL-deildinni eru jafnmiklar og líkurnar á því að lög- regluþjónn verði sakfelldur fyrir morð á svörtum manni.“

Iceland's Successful Stabilization Program and the Role of the IMF

Poul Thomsen, framkvæmdastjóri Evrópudeildar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, flytur erindi í Eyri í Hörpu laugardaginn 15. september kl. 15:00 en þann dag verða tíu ár liðin frá falli Lehman Brothers. Að erindinu loknu mun Thomsen taka við spurningum úr sal.

Erindi Thomsens nefnist *Iceland's Successful Stabilization Program and the Role of the IMF*.



Poul Thomsen hefur verið framkvæmdastjóri Evrópudeildar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins síðan í nóvember 2014. Þar áður var hann m.a. formaður sendinefnda sjóðsins í samningum við ýmis lönd um lánaþyrri- greiðslu frá sjóðnum, svo sem Grikkland

og Portúgal, og hann fór fyrir sendinefnd sjóðsins í samningum við íslensk stjórnvöld haustið 2008. Í erindi sínu mun hann m.a. fjalla um reynsluna af efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Jói P. og Króli taka lagið klukkan 14.

hús

í Heklu í dag milli 12 og 16.

Veglegur auka-
hlutapakki fylgir
nýjum jeppum
og jepplingum.





Mannfall vegna Florence í Bandaríkjunum

BANDARÍKIN Florence gekk á land í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum í gærmorgun sem fyrsta stigs fellibylur. Vindhraði var þá um fjörtíu metrar á sekúndu, úrkoma gifurleg og sjávarborð hátt. Stormurinn fer afar hægt yfir og vegna úrkomunnar og áhrifa á sjávarborð er búist við enn meiri flóðum.

Áð minnsta kosti fjórir höfðu farist vegna stormsins þegar Fréttablaðið fór í prentun, þar af ungbarn og móðir þegar tré féll ofan á þau.

Samkvæmt spá bandarísku fellibyljamiðstöðvarinnar (NHC) mun Florence nú halda áfram sem hitabeltisstormur vestur yfir Suður-Karólínu.

Afleiðingarnar á þessum fyrsta degi hamfaranna voru miklar. Samkvæmt bandarískum miðlum er rafmagnslaust í rúmlega 600.000 húsum, byggingar hafa hrundið og fjöldi íbúa orðið strand vegna mikilla flóða. Þá hafa tré rifnað upp með rötum.

Roy Cooper, ríkisstjóri Norður-Karólínu, varaði sérstaklega við því í viðtali við fréttastofu NBC í gærmorgun að flóð gætu gert íbúum á láglandi lífið leitt og torvaldað björgunarstarf þar mikið. Undir það tók James Trogdon, samgöngumálaráðgjafi ríkisins, sem sagði að væntanleg flóð væru eitthvað sem sæist bara á þúsund ára fresti.

„Þetta er óþóðinn hrotti sem vill einfaldlega ekki fara,“ sagði Cooper sem bætti því við að heilu samfélögin gætu einfaldlega skolast á brott í storminum.

Veufraeðingar National Weather Service vörðuð sömuleiðis við flóðum. Einn þeirra, Brandon Locklear,



Norður-Karólínumaður veður flóðvatnið með síma á lofti. NORDICPHOTOS/AFP

Byljir gengu á land bæði í austri og vestri

Þórgnýr Einar Albertsson thorgnyr@frettabladid.is



Fellibyljir gengu á land í Bandaríkjunum og á Filippseyjum. Mikil flóð, hvassviðri og hækkandi sjávarborð til þess fallið að valda tjóni. Engin tíðindi höfðu borist af mannskóðum á Filippseyjum í gærkvöld. Fjórir voru sagðir hafa farist í Bandaríkjunum þegar Fréttablaðið fór í prentun.

600

þúsund hús hið minnsta urðu rafmagnslaust í gær.

» Regn hafði mælst meira en hálfur metri á sumum svæðum í Karólínuríkjunum í gær.

sagði að rigningin um helgina gæti orðið sambærileg við urkomu sem venjulega fellur á átta mánuðum. Þótt regn gærdagsins hafi einungis verið byrjunin var það svakalegt

samt sem áður. Í sumum borgum í bæði Norður- og Suður-Karólínu hafði mælst meira en hálfur metri úrkoma þegar Fréttablaðið fór í prentun.

NBC og AP greindu frá því að hundruð hefðu setið fóst í borginni New Bern í Norður-Karólínu vegna stormsins.

Flóðin hafi gert það að verkum að fólk festist uppi á þaki eða háalofti. Þar þurfti sömuleiðis að bjarga sex títu af vegahótelum sem hrundi vegna stormsins.

Þá er einnig óttast um að Florence geti valdið miklum umhverfisspjöllum. Í leið stormsins liggja bæði verksmiðjur og stórbylí. Talið er að myndjarmir gætu flætt yfir bakka sína og óskuský þyrlast upp í loftið, svo fátt eitt sé nefnt.

Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2019

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsuefningar og forvarna.

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu.
- Verkefni sem tengjast geðrækt barna.
- Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði, svefni og hreyfingu.
- Áfengis-, vímu- og tóbaksvarnir.
- Verkefni sem tengjast kynheilbrigði.
- Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu, eða verkefni sem eru til þess fallin að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna í tengslum við heilsu.

Við úthlutun verður tekið mið af eftirfarandi stefnum:

- Lýðheilsustefnu og aðgerðum sem stuðla að heilsuefandi samfélagi.
- Stefnu í áfengis- og vímuvörnum til 2020.
- Stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til 2020.

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Sem unnin eru í viðtæku samstarfi hagsmunaaðila.
- Eru með eigin fjármögnun eða aðra fjármögnun.

Verkefni eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.

Opnað verður fyrir umsóknir þann 20. september en frestur til að sækja um rennur út þann 15. október 2018. Sótt er um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs <http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/>

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis. Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.



Filippseyingar flúðu heimili sín í þúsundatali í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Ógnar lífi fjögurra milljóna

FILIPPSEYJAR Fimmsta stigs fellibylurinn Mangkhut gekk á land nyrst á Luzon-eyju Filippseyja í gær. Stormurinn var þá tæplega 900 kílómetrar að þvermáli og var vindhraðinn um 57 metrar á sekúndu í gær. Þúsundir flúðu heimili sín í aðdraganda hamfaranna en talið var að fjórar milljónir íbúa væru í hættu.

Yfirvöld vörðuð í gær við því að sjávarborð gæti hækkað um allt að sex metra og því væru miklar líkur á því að viðkvæmar byggingar yrðu fyrir gríðarlegu tjóni.

Þá þegar hafði stormurinn farið yfir bandarísku eyjuna Gvam. Það gerði hann á fimmtudag og olli rafmagnsleysi víðast hvar á eyjunni.

Samkvæmt spám stefnir stormurinn svo í átt að Kína. Gert er ráð fyrir

því að bylurinn gangi á land í Hong Kong á sunnudaginn sem fjórða stigs fellibylur áður en hann heldur áfram vestur yfir landið sem hitabeltisstormur.

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs- appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.

Til sölu Heildsölufyrirtæki

Til sölu er vel rekin skuldlaus heildsala sem selur vörur og búnað til fyrirtækja í matvælaframleiðslu og sjávarútvegi.

Velta 420m. EBITDA 35m.

Nánari upplýsingar veittar á trúnaðarfundum hjá Firma Consulting. Sími 896 6665.



Skert þjónusta Íslandsbanka 14.-17. september

Skert þjónusta verður í netbanka og appi Íslandsbanka dagana 14.-17. september vegna innleiðingar á nýju og endurbættu grunnkerfi. Þjónusta í útibúum verður jafnframt skert mánudaginn 17. september.

Þjónustuver bankans verður opið frá 10-18 þessa helgi. Vegna frekari fyrirspurna er viðskiptavinum bent á að hringja í þjónustuver, senda tölvupóst á islandsbanki@islandsbanki.is eða hafa samband í gegnum netspjall á vefsíðu bankans. Við minnum viðskiptavini jafnframt á Kass og Kreditkortsappið fyrir helstu þjónustupætti.

Íslandsbanki biðst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að hafa í för með sér. Frekari upplýsingar má finna á islandsbanki.is.

+PLÚS



Ungur Norður-Karólínubúi leikur sér í regnvatninu. Af nógu vatni er að taka enda hafa veðurfræðingar spáð því að um helgina muni rigna á við átta venjulega mánuði. MYNDIR: NORDICPHOTOS/AFP

Mannskæðir byljir í Bandaríkjunum og á Filippseyjum

Mangkhut gekk á land á Filippseyjum og Florence í Bandaríkjunum í gær. Mikil flód fylgja í kjölfarið og tugir þúsunda hafa þurft að flýja heimili sín. Búist er við því að stormurinn í austri haldi áfram til Kína en að Florence haldi áfram í norður.



Feðgar á Luzon-eyja hlaupa eins og fætur toga.



Filippseysk kona flýr heimili sitt, líkt og þúsundir annarra gerðu, með eigur sínar í fótum.



Bandaríkjamáður stendur keikur með bandaríska fánann í hendi og tekur á móti Florence.



Ökumenn voru varaðir við flóðum og fallandi trjám er þeir flúðu heimili sín í Norður-Karólínu.



SEPTEMBER TILBOÐ BRIMBORGAR

Tryggðu þér bíl á septembertilboði Brimborgar. Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

GEGGJUÐ
TILBOÐ!

GLÆSILEGIR
NÝIR BÍLAR!

ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

PEUGEOT 208 ACTIVE

1,2 bensín, 82 hð, beinskiptur

Verðlistaverð með nálægðarskynjara aftan: 2.240.000 kr.

SEPTEMBERTILBOÐ: 1.990.000 KR.

AFSLÁTTUR: 250.000 KR.

-250.000 kr.



MAZDA3 VISION

2,0 bensín, 120 hð, beinskiptur

Verðlistaverð með málmlit: 3.260.000 kr.

SEPTEMBERTILBOÐ: 2.960.000 KR.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.

-300.000 kr.



VOLVO V40 CROSS COUNTRY

D2 Momentum, sjálfskiptur

Verð áður: 4.679.000 kr.

SEPTEMBERTILBOÐ: 4.090.000 KR.

AFSLÁTTUR: 589.000 KR.



Kauptu Volvo V60 CC fyrir 30. september og þú færð að auki vetrardekk frítt með

-589.000 kr.



ENN GLÆSILEGRI MAZDA CX-3

SÝNUM Í DAG NÝJAN MAZDA CX-3
KL. 12-16 REYKJAVÍK & AKUREYRI



KOMDU OG UPPLIFÐU ÞENNAN EINSTAKA BÍL!

VERÐ FRÁ 2.920.000 KR.

ALLT Á EINUM STAÐ

CITROËN C4 CACTUS FEEL

1,2 bensín, 110 hö, beinskiptur

Verðlistaverð: 2.890.000 kr.

SEPTEMBERTILBOÐ: 2.590.000 KR.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.



FORD KA+ ULTIMATE SPORT

1.2i bensín, 85 hö, 5 dyra og 5 gíra

Aukabúnaður í tilboðsbílum: Málmlitur

Verð með aukabúnaði: 1.955.000 kr.

SEPTEMBERTILBOÐ: 1.790.000 KR.

AFSLÁTTUR: 165.000 KR.



Kauptu Ford KA+ fyrir 30. september og þú færð að auki vetrardekk frítt með

**ÚRVAL! ÚRVAL!
ÚRVAL! ÚRVAL!**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ
FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

brimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Hagsmunamat



Kristin Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Liðin vika hefur verið undirlögð fregnum af skuldabréfaútbóði WOW air og framtíð félagsins. Ljóst er að ýmislegt hefur gengið á. Fjármálamarkaðir hafa sveiflast í takt við fréttir fjölmöla af málinu. Krónan hefur ýmist styrkst eða veikst og hlutabréfaverð sveiflast. Í gær barst svo tilkynning um að fjármögnuninni væri um það bil lokið. Forsvarsmönnum WOW hefur því tekist, að minnsta kosti í bili, að létta því óvissuástandi sem hefur varað. Lengi hefur verið vitað að WOW stæði tæpt ef ekki fengist nýtt fé að félaginu. Fyrir síðustu helgi bárust fregnir af því að forsvarsmenn WOW hefðu fundað með stjórnvöldum. Þá var því lofað að mál myndu skýrast á þriðjudag, svo frestað fram á föstudag þar til tilkynning barst síðdegis í gær.

Óvissa er aldrei jákvæð í fyrirtækjarekstri. Ómögulegt er annað en að ástandið hafi haft áhrif á miðapantanir hjá WOW. Venjulegt fólk vill ekki taka áhættu með fríð sitt. Slíkur ótti kann að vera óþarfur, en hann er mannlegur. Birgjar og aðrir sem eiga í viðskiptum við félagið hljóta sömuleiðis að hafa verið órólegir.

Mikilvægt er að hraða för þegar svona aðstæður skapast. Óvissan ein og sér getur grandað fyrirtækjum ef ekki er varlega farið. Skera þarf á hnúttinn. Afeða á. Það gerðu Skúli Mogensen og félagar í gær.

Ekki er óeðlilegt að spyrja hvað beri að gera í stöðu sem þessari þegar óvissa er upp um rekstrarhæfi félags sem talist getur kerfislega mikilvægt. Í bankahrúninu var stærð íslenska bankakerfisins slík að ríkissjóður hefði aldrei ráðið við að bjarga bönkunum. Sennilega varð það okkur til happs.

Hvað varðar flugfélögin er staðan önnur, raunar vill það oft gleymast að íslenska ríkið hefur lagt Ícelandair og forverum þess félags líð, til dæmis í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001.

Hjá WOW starfa ríflega þúsund manns. Afleidd störf skipta nokkrum þúsundum. Flugfélagið flytur þriðja hvern farþega til landsins. Í tilvikum Ícelandair eru breytur enn stærri, og sveiflur í hlutabréfavirði undanfarna daga og misseri segja okkur að fjárfestar eru langt í frá sannferðir um að viðsnúnings í rekstri félagsins sé að vænta.

Fall annars eða beggja flugfélaganna myndi óhjákvæmilega hafa slæmar efnahagslegar afleiðingar. Að minnsta kosti til skamms tíma. Krónan myndi veikjast verulega. Eignaverð lækka. Efnahagslegum og pólitískum stöðugleika í landinu væri teft í tvísýnu. Það gæti verið skynsamleg fjárfesting að hálfu ríkisins að veita flugfélagi líðsinni ef út í það færi.

Staðreyndin er sú að fjárför WOW í tengslum við útbóðið var ekki stórkostleg í samhengi við fjármál ríkisins. Nokkur milljarða framlag til að koma félaginu fyrir horn hefði því gæta verið skynsamleg ráðstöfun. Minni hagsmunum farnað fyrir meiri, jafnvel þótt einhverjir í ríkisstjórninni myndu sennilega sitja eftir með hugmyndafræðileg óþráð í munni.

Vonandi hafa stjórnvöld lagt upp í svipaðar bolleaggingar og gert upp hug sinn ef til kæmi. Eins og svo oft í viðskiptum og lífinu almennt yrði hik sennilega sama og tap í þeim efnun.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir Neitun eða afneitun?



Idag eru tíu ár frá því að bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers var gjaldþrota. Fall bankans, stærsta gjaldþrot í sögu Bandaríkjanna, markaði upphaf alþjóðlegrar fjármálakreppu og leiddi til bankahrúnins á Íslandi.

Nokkrum vikum fyrir hrúnið birtist forsiðuviðtal í Viðskiptablaðinu við Ingibjörgu Sólrunu Gísladóttur, þáverandi utanríkisráðherra og formann Samfylkingar. Fyrirsögn viðtalsins var: „Hér er engin kreppa.“

Afdráttarlaus athugasemd

Eiginmaður minn er annaðúður brandakaral. Orðstírinn hefur hann þó getið sér fyrir magn fremur en gæði. Eins og dyggri eiginkonu sáemir sýni ég hugðar-efni bóndans stuðning og gæti þess avallt að hlæja datt þegar hann segir brandara eða „læka“ fari hann með gamanmál á samfélagsmiðlum. Nýverið smelli ég af skyldurækni hjarta á Twitter-færslu karlsins, léttvægt grin um minnkandi túrísma á Íslandi og ósk um annað eldgos sem vakið gæti athygli á landinu er það stöðvaði flugumferð um víða veröld. Afdráttarlaus athugasemd annars Twitter-notanda við litilfjórlegan brandarann vakti með mér ugg: „Túrísma fer ekki minnkandi.“

Nokkuð hefur borið á fréttum af samdrætti í ferðabjónustu síðustu vikur. „Bakslag í ferðabjónustunni verulegt áhyggjuefni“ var fyrirsögn fréttar um samdrátt í bókun gistingu á hótélum. „Verðstrið, færri ferðamenn og minni eyðsla veldur áhyggjum“ sagði um ástand ferðamála á Norðurlandi. „Pungt hljóð í veitingamönnum í Reykjavík“ var haft eftir formanni Matvæla- og veitingafélags Íslands eftir slæma tíð í sumar. Þótt fyrirsagnirnar hljómi ísbyggilega eru varnaðarorðin þó ekki stærsta visbendingin um að blikur séu á lofti.

„Af engri ástæðu“

Fyrir rúmu ári flaug Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, svo hátt að hann missti allt jarðsamband og spáði því í viðtali við Business Insider að senn myndi hann greiða farþegum fyrir að fljúga með sér en ekki öflugt. En dramb er falli næst. Ekki leið á löngu uns fjölmiðillinn Stundin

birti frétt undir fyrirsögninni „WOW air birtir ársuppgjöf seinna en í fyrra af „engri ástæðu“.

Viðbrögðin á samfélagsmiðlum einkendust af sama afdráttarleysi og brandari eiginmannsins vakti: „Það er eitthvað alvarlegt að hjá ríttjórn Stundarinnar ... Ef þeim [sic] vantar hugmyndir að efni til að skrifa um þá er af nógu áhugaverðu að taka þegar kemur að WOW air. Meðal annars hvernig hver einasti starfsmaður lagði á eitt að bygja upp öflugt flugfélag með jákvæðni, áhuga og eljusemi að leiðarljósi.“ Annar bætti við: „Það er verið að ræða saman sögusögnun og slúðri ... Til hvers er þetta?“ Öllum er nú ljóst að það var ekki af „engri ástæðu“, eins og Skúli Mogensen orðaði það, að WOW air var ekkert að flyta sér að kynna ársuppgjöf sitt fyrir 2017. Í vikunni bárust daglega fréttir af því hvernig flugfélagið berst í bóknum.

„Konan lofar of miklu“

„The lady doth protest too much, methinks,“ er sagt í Hamlet um konu nokkra sem heitir því af svo yfirdrif-inni staðfestu að hún muni aldrei ganga að eiga annan mann eftir andlát eiginmanns síns að yfirlýsingin þykir ekki trúverðug.

Það er ekki fréttirnar um rekstrarerfiðleika sem helst renna stöðum undir þá kenningu að halli undan fæti í ferðabjónustu. Þvert á móti er það fjöldi fréttu um alla þá sem þvertaka fyrir það sem vekur ugg. „Engin kreppa í ferðabjónustunni,“ sagði forstjóri Bláa lönsins. „Engar þjóðhagsspar sem sýna kreppu í nánd,“ var haft eftir Bjarna Benediktssyoni.

Fyrir tíu árum var okkur heitið því af staðfestu að „hér væri engin kreppa“. Shakespeare vissi sem var um aldamótin 1600: „Konan lofar of miklu, þykir mér.“

Senn minnst við Íslendingar þess að tíu ár eru liðin frá hrúni. Nú, rétt eins og þá, er okkur talin trú um að við búum við óhagðandi hagsæld; hér er engin kreppa. En hvort sem árið er 1600, 2008 eða 2018 eru það gömul sannindi og ný: Afgerandi neitun er oftar en ekki afneitun.

Minni hagsmunum farnað fyrir meiri, jafnvel þótt einhverjir í ríkisstjórninni myndu sennilega sitja eftir með hugmyndafræðilegt óþráð í munni.

SKIPULAGSDAGURINN 2018

20. september kl. 09:00–16:00 Gamla bíói, Reykjavík

Meðal efnis:

Charles Campion RIBA AoU, JTP Architects and Placemakers, London: Collaborative Planning & Placemaking: Combining professional skills with real lives and emotions

Erindi og pallborðsumræður fagfólks og sveitarstjórnarmanna um skipulagsgerð sveitarfélaga, strandsvæðisskipulag og mótn landskipulagsstefnu um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu

Dagskrá og upplýsingar um skráningu á www.skipulag.is

Þátttökugjald kr. 6.000 (kr. 3.000 fyrir námsmenn)

Skipulagsdagurinn er haldinn í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga



HUGSAÐU Í FRAMTÍÐ MEÐ LAUNAVERND TM

Launavernd TM er einstaklingsmiðuð greining sem sýnir á einfaldan hátt hvaða áhrif andlát, örorka og alvarleg veikindi hafa á fjárhagslega afkomu fjölskyldunnar.

Bætur frá almannatryggingum, lífeyrissjóðum og stéttarfélögum duga í mörgum tilfellum skammt til að tryggja óbreytta framfærslu komi til veikinda eða slysa. Launavernd TM reiknar hvað upp á vantar og ráðleggur þá vernd sem þú þarft.

**HUGSAÐU Í FRAMTÍÐ MEÐ LAUNAVERND TM
BÓKAÐU RÁÐGJÖF Á TM.IS**



TM

Bikarhefðin ekki rík hjá liðunum

Breiðablik sem einu sinni hefur orðið bikarmeistari og Stjarnan sem aldrei hefur lyft bikarnum mætast í úrslitum í bikarkeppni í knattspyrnu karla í kvöld. Fyrirlíðar liðanna eru bæði reyndir í bikarkeppni og á öðrum sviðum knattspyrnunnar.

FÓTBOLTI Blásið verður til bikarúrslitaleiks í knattspyrnu karla klukkan 19.15 í kvöld, en það verður norðanmaðurinn Þóróddur Hjaltalin sem fær það hlutverk að sjá um að allt fari fram samkvæmt settum reglum í leiknum.

Að þessu sinni mætast tvö félög í bikarúrslitum sem eiga sér ekki ríka bikarhefð þrátt fyrir að þau séu í dag bæði fjölmenn og öflug. Breiðablik státar af einum bikarmeistarititli sem liðið vann árið 2009 með því að leggja Fram að velli í bikarúrslitum eftir vítaspyrnukeppni. Þar áður hafði liðið einu sinni farið alla leið í bikarúrslit, en það var árið 1971 þar sem Víkingur hafði betur.

Stjarnan hefur hins vegar farið tvisvar sinnum í bikarúrslit, það er



Fyrirlíðar og þjálfarar liðanna halda á bikarnum sem barist verður um að fá að lyfta síðdegis í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

kringum leikinn magnar spennuna fyrir honum," segir Baldur í samtali við Fréttablaðið.

„Nú er líka langt síðan við höfum spilað deildarleik þannig að spennan hefur fengið að magnast enn frekar í okkar herbúðum. Við erum samt með reynslumikla leikmenn í okkar liði þannig að ég hef ekki áhyggjur af því að spennustigið verði of hátt," segir Baldur enn fremur.

„Það er líka geggjað að spila þennan leik á laugardegi um kvöld. Það er alltaf einhver aukaföringur sem fer um mann þegar spilað er í myrkri og flóðljósum og það gefur leiknum aukakrydd. Þetta verður hörku-leikur og snýst bara um gamla góða dagsformið," segir Mývetningurinn spennur.

Gunnleifur Vignir Gunnleifsson, markvörður og fyrirlíði Breiðabliks, hefur ekki farið í jafn marga bikarúrslitaleiki og Baldur, en hann var varamarkvörður hjá KR þegar liðið varð bikarmeistari árið 1999 og vann svo titilinn með FH með sigri á KR árið 2010.

„Það er langt síðan við spiluðu síðast deildarleik og fyrir vikið höfum við haft langan tíma til þess að undirbúa þennan leik. Við höfum tapað fyrir þeim í báðum deildarleikjum í sumar þannig að við þurfum að finna hvað við verðum að gera betur að þessu sinni en í þeim leikjum. Þjálfararnir hafa gert vel í undirbúningnum og ég tel okkur vera eins vel undirbúna og nokkur kostur er," segir Gunnleifur um undirbúninginn fyrir komandi verkefni.

„Rútinan hefur bara verið hefðbundin og það er mér að skapi. Það hefur ekkert verið farið á hótél eða í einhverja einangrun og mér finnst heillávenlegra að hafa þann háttinn á. Ég mun svo bara fara í gegnum minna venjulega rútinu á leikdegi og nálgast þennan leik eins og hvern annan. Ég finn ekki fyrir auknum stressi, enda orðinn nokkuð reyndur í þessum bransa. Þetta verður vandi skemmtilegur leikur sem endar á skemmtilegum hátt fyrir okkur," segir markvörðurinn enn fremur. hjorvaro@frettabladid.is



Bólusetning gegn árlegri influensu

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill vekja athygli á því að skipulögð bólusetning gegn influensu hefst á heilsugæslustöðvum mánudaginn 17. september 2018. Bóluefnið myndar mótefni gegn þremur influensuveirustofnum. Bóluefnið verndar gegn svonefndri svínainfluensu.

Hverjum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig?

- Öllum sem orðnir eru 60 ára
- Öllum, bæði börnum og fullorðnum, sem þjáast af langvinnu hjarta-, lungna-, nýrna- og lífrarsjúkdómum, sykursýki, lílkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum
- Heilbrigðisstarfsmönnum sem daglega annast fólk með aukna áhættu, sbr. ofantalið
- Þunguðum konum

Þeir sem tilheyra ofangreindum hópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu en greiða komugjald samkvæmt reglugerð nr. 225 / 2018. Fyrirkomulag bólusetningar getur verið mismunandi milli heilsugæslustöðva. Vinsamlegast leiðið upplýsinga á vef Heilsugæslunnar www.heilsugaeslan.is, eða hafði samband við hlutaðeigandi heilsugæslustöð.

Heilsugæslan Árbæ	s: 513 5200
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	s: 513 5300
Heilsugæslan Efstaleiti	s: 513 5350
Heilsugæslan Fjörður	s: 513 5400
Heilsugæslan Garðabæ	s: 513 5500
Heilsugæslan Glæsibæ	s: 513 5700
Heilsugæslan Grafarvogi	s: 513 5600
Heilsugæslan Hamraborg	s: 513 5800
Heilsugæslan Hlíðum	s: 513 5900
Heilsugæslan Hvammi	s: 513 5850
Heilsugæslan Miðbæ	s: 513 5950
Heilsugæslan Mjódd	s: 513 6000
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	s: 513 6050
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	s: 513 6100
Heilsugæslan Sólvangi	s: 513 6200
Heilsugæslan Höfða	s: 591 7000
Heilsugæslan Lágmúla	s: 595 1300
Heilsugæslan Salahverfi	s: 590 3900
Heilsugæslan Urðarhverfi	s: 510 6500

Búast má við að bólusetning geti veitt a.m.k. 60-70% vörn gegn sjúkdómnum auk þess sem hann verður vægari hjá þeim í hópi bólusettra sem veikjast. Þeim sem leita vilja ráðgjafar er bent á sína heilsugæslustöð.

Frekari upplýsingar er að finna á vef Heilsugæslunnar, www.heilsugaeslan.is Fræðsluefni um influensu má finna á vef Embættis landlæknis, www.landlaeknir.is

Reykjavík, 14. september 2018.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Álfabakka 16, 109 Reykjavík sími 585 1300 www.heilsugaeslan.is

árin 2012 og 2013 og í bæði skiptin hélt liðið súrt af velli með tap á bakinu. Í fyrra skiptið eyðilagði KR partíið fyrir Stjörnunni og í það síðara var það Fram sem hafði betur í vítaspyrnukeppni. Þrátt fyrir að Stjarnan sem félag státi ekki af ríki sögu í bikarkeppninni er fyrirlíði liðsins, Baldur Sigurðsson, margreyndur á þeim vettvangi. Hann er að fara í sinn sjötta bikarúrslitaleik, en hann varð bikarmeistari með Keflavík árið 2011 og síðan KR árin 2011 og 2012.

„Það er alltaf jafn mikil spenna í undanfara þessa leiks og fyrir mér er þetta meira tilhlökkun en stress þar sem ég veit upp á hárvæð ég er að fara út í. Það er ávallt frábær umgjörð í kringum leikinn og allt umtalið í

Leiðin að EM hefst í dag

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta hefur vegferð sína í átt að því að komast í EuroBasket 2021 með því að mæta Portugal ytra í fyrsta leik liðanna í forkeppni fyrir undankeppni mótsins síðdegis á sunnudaginn. Auk fyrrgreindra liða er Belgía með þeim í forkeppninni. Craig Pedersen, þjálfari íslenska liðsins, segir að liðin í riðlinum séu áþekkt að getu. Portugal hafi eiginleika sem íslenska liðið þurfi að hafa í huga í leiknum á morgun.

Craig virðist hafa rétt fyrir sér hvað styrk liðanna varðar, en í fyrsta leik forkeppninnar vann Belgía nauman sigur á Portugal, 66-65.

„Þetta verða jafnir leikir og það geta öll liðin unnið riðilinn að minnu mati. Portugal er með gott lið skipað leikmönnum sem spila í sterkum deildum, en sá besti spilar í Ítalíu og heitir João Gomes og aðrir hafa reynslu af leikjum í Evrópukeppni með félagsliðum sínum. Gomes, þeirra öflugasti leikmaður, er rúmlega tveggja metra há skotbakvörður og svo eru þeir með annan leikmann sem er afar öflug þriggja stiga skytta," segir Craig í samtali við Fréttablaðið.

„Við þurfum að bregðast við því í leikskipulagi okkar að hafa leikmann inni á vellinum sem getur



Craig Pedersen, þjálfari íslenska liðsins.

varist honum. Þar gæti Collin Pryor nýst okkur vel, en hann er hávaxinn, snöggur í hreyfingum og mikill íþróttamaður. Það gæti reynst okkur vel að hafa snögga og kraftmikla leikmenn innanborðs þar sem þeir hafa á að skipa hávöxnu liði og leikmenn liðsins eru ekki mjög snöggir," segir Craig enn fremur um leikinn.

„Við erum með nokkra unga leikmenn og nokkuð óreynnda í alþjóðlegum leikjum, en þeir hafa mikinn leikskilning og þrátt fyrir að við höfum stuttan tíma til þess að undirbúa okkur fyrir leikinn þá hef ég ekki áhyggjur af því. Leikmenn eins og Martin [Hermannsson], Elvar Már [Friðriksson] og Hörður Axel [Vilhjálmsson] eru fljótir að meðtaka upplýsingar og lesa leikinn vel. Þetta er svo hópur sem hefur leikið lengi saman og þeir þekja vel hver til annars," segir þjálfarinn um leikmenn sína og undirbúninginn fyrir leikinn. –hó

Nýr Hyundai Tucson.



ENNEEM/SIA / NMB9649

Helstu nýjungar í nýjum Tucson.

Meðal helstu nýjunga í Hyundai Tucson eru nýjar sparneytnari og umhverfisvænni vélar og SmartSense öryggisbúnaðarkerfi sem inniheldur meðal annars skynvædda neyðarhemlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun. Innréttingin hefur verið endurhönnuð og ný LED aðalljós setja fallegan svip á nýjan Tucson.

Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 5.290.000 kr.



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina viðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16



KENNEDY

Klassískt sófasett frá La-Z-Boy. Grátt, slitsterkt áklæði.

2ja sæta, stærð: 177 x 100 x 97 cm

139.990 kr. ~~169.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 196 x 100 x 97 cm

149.990 kr. ~~179.990 kr.~~

LA Z BOY | Live Life Comfortably

Stóll

99.990 kr. ~~119.990 kr.~~

DIMA

Borðstofustóll. Svartur með viðarlitum fótum.

9.990 kr.

~~12.990 kr.~~



BATILDA

Borðstofustóll. Blátt eða grátt áklæði og svart eða koníakslitt PU-leður.

11.990 kr.

~~14.990 kr.~~



1. EightMood Mermaid púðar (breytipúðar), þrjár gerðir **9.390-9.990 kr.**
2. Nordal Indian blómapottur á fótum, þrjár stærðir 60/79/98 cm háir **8.990/9.990/11.990 kr.**
3. Nordal hitakanna (bleik, blá eða grá) 1L **3.990 kr.**
4. Riverdale Urban kerta-lukt 47 cm **9.990 kr.**
5. Sophia Hygeia styttu 16 cm **4.990 kr.**
6. Broste led perur, margar gerðir. Líftími um 35.000 klst **5.790-8.390 kr.**



CONNECT

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit eða svart leður. Stærð: 311 x 205 x 88 cm

Antrazit áklæði

239.990 kr.

~~279.990 kr.~~

Svart leður

379.990 kr.

~~439.990 kr.~~



CONNECT

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit. Stærð: 230 x 160 x 88 cm

SPARAÐU

20.000
KRÓNUR

149.990 kr. ~~169.990 kr.~~



RIA

Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

3ja sæta: 192 x 83 x 79 cm

59.990 kr. ~~79.990 kr.~~

2ja sæta: 152 x 83 x 79 cm

54.990 kr. ~~69.990 kr.~~

IDdesign

Reykjavík
Bildshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



Ævintýralegt haust í Höllinni

SPENNANDI SEPTEMBER



SICILIA

2ja og 3ja sæta sófar, sófaskemlar og stólar. Grænt eða ljósgrátt áklæði og brúnt og konfaksbrúnt bonded leður.

2ja sæta áklæði: 158 x 94 x 82 cm

69.990 kr. ~~79.990 kr.~~

3ja sæta áklæði: 196 x 94 x 82 cm

79.990 kr. ~~89.990 kr.~~

Stóll áklæði: 80 x 94 x 82 cm

49.990 kr. ~~59.990 kr.~~

Skemill áklæði: 83 x 63 x 44 cm

29.990 kr. ~~34.990 kr.~~



2ja sæta bonded leður

109.990 kr. ~~129.990 kr.~~

3ja sæta bonded leður

129.990 kr. ~~149.990 kr.~~

Stóll bonded leður

79.990 kr. ~~89.990 kr.~~

Skemill bonded leður

33.990 kr. ~~39.990 kr.~~



CAZAR

Hægindastóll. Svart eða brúnt PU-leður og ljósgrátt áklæði.

19.990 kr. ~~24.990 kr.~~



CHISA

Hægindastóll. Forest grænt eða blátt sléttflauel og fætur úr málm.

19.990 kr. ~~29.990 kr.~~



EBBA

Hægindastóll. Gult sléttflauel og svartir fætur.

39.990 kr. ~~59.990 kr.~~



PASCALL

Hægindastóll með klassísku útliti. Slitsterkt áklæði, 5 litir; rauður, grár, ljósblár, bleikur og mintugrænn.

39.990 kr.

~~49.990 kr.~~



Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Rassálfar í leikhúsinu

Fjórtán börn taka þátt í sýningu Þjóðleikhússins um Ronju ræningjadóttur. Þrjú þeirra gáfu sér tíma til að segja frá verkefnum sínum og það er útlit fyrir fjörugan leikvetur.

Leikritið um Ronju ræningjadóttur verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í dag. Leikritið er byggt á einni vinsælustu skáldsögu Astríð Lindgren og Selma Björnsdóttir fer með leikstjórn. Söngkonan Salka Sól Eyfeld er í hlutverki hinnar hugrökku Ronju. Í leikritinu fara alls fjórtán börn með hlutverk. Þau leika meðal annars skondna rassálfa, hina ógnvænlegu gráðverga og yrðlinga skógarins. Börnunum er skipt í tvo hópa til að minnka álagið á þeim en nú þegar er uppselt á þrjátíu sýningar.

Nokkur barnanna eru í förðun og hárgreiðslu fyrir lokaæfingu á verkefnum þegar blaðamaður og ljósmyndara ber að garði. Þeirra á meðal er Hrafnhildur Hekla Hólmsteinsdóttir, ellefu ára. „Ég leik rassálf, yrðling og gráðverg. Þannig að ég skipti oft um gervi, en mér finnst bara skemmtilegt að láta greiða mér og svoléiðis,“ segir Hrafnhildur sem segir æfingarkerfið hafa verið mikið fjór. „Þetta er búið að vera svo gaman. Það er skemmtilegast að vera á rennsli, sýna allt verkíð í einu. Ég hlakka alveg ótrúlega mikið til að standa á sviðinu fyrir gesti. Ég er búin að eignast marga vini hér,“ segir Hrafnhildur sem segir alls ekki erfitt að vera leikari.

Við hlíð Hrafnhildar situr Daði Víðisson, ellefu að verða tólf ára. Það er verið að leggja lokahönd á hárgreiðsluna. „Ég er rassálfur og gráðvergur í sýningunni, mér finnst skemmtilegast að leika rassálfa, það eru virkilega skemmtilegar



ÞETTA ER BÚIÐ AÐ VERA

SVO GAMAN. ÞAÐ ER

SKEMMTILEGAST AÐ VERA

Á RENNSLI, SÝNA ALLT

VERKÍÐ Í EINU. ÉG HLAKKA

ALVEG ÓTRÚLEGA MIKIÐ

TIL AÐ STANDA Á SVIÐINU

FYRIR GESTI. ÉG ER BÚIN

AÐ EIGNAST MARGA VINI.

Hrafnhildur

senur,“ segir Daði sem kveður það mikla vinnu að læra hlutverk undir svona stóra sýningu. Hann er nemandi í Melaskóla. „Auðvitað missi ég smá úr skóla, en það er líka skóli að vera hér,“ segir hann.

Mikael Guðmundsson, 10 ára, gengur í Vesturbæjarskóla og segir flest börnin bregða sér í mörg gervi. „Ég leik rassálf, gráðverg og yrðling. Það er gaman að fara í svona mörg hlutverk og það er gaman að leika rassálf. Þeir eru mikið inni á sviðinu og þeir spyrja marga spurninga. Þeir spyrja í sífellu, af hverju, af hverju? Þeir eru svolítið myndnir, finnst mér.“
kristjanbjorg@frettabladid.is



Hrafnhildur, Daði og Mikael eru spennt að sýna gestum Þjóðleikhússins afkastur erfiðis síns. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Um helgina

Hamborgari að hætti Svamps Sveinssonar

Þáttastjórnandinn Andrew Rea hefur slegið í gegn með matreiðsluþætti sína á YouTube, *Binging with Babish*. Þar eldar hann rétti úr kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Canneloni úr Godfather, hamborgara að hætti Svamps Sveinssonar eða risavaxið villibráðarpæ úr *Game of Thrones*. Andrew lætur hugmyndafullgöngu ráða. Þrjár milljónir eru áskrifendur að þáttunum á YouTube sem hófu göngu sína árið 2016.



Laukarnir! Laukarnir!

Viltu vakna einn morguninn í apríl á næsta ári við túlipanaskrúð í garðinum? Þá er rétti tíminn til að setja niður túlipanalaukana.

Fyndið á Flateyri

Á Flateyri er haldin skemmtileg kvikmyndahátíð um helgina. Þar sem áherslan er á gamanmyndir. Heiðursgestur hátíðarinnar í ár er Óskar Jónasson leikstjóri og myndin *Sódoma Reykjavík* heiðursmynd hátíðarinnar. Einnig verða sýndar tvær af fyrstu myndum Óskars, Oxsmá planetan og Sjúgömu mig Nina, sem hefur verið með öllu óaðgengileg frá því að hún kom úr árið 1985.



Rupi Kaur gerir allt vitlaust

Instagram-ljóðskáld? Einhverjum gæti þótt það það fremur vafasamur titill. Ljóðskáldið unga **Rupi Kaur** lætur það ekki á sig fá. Hún er með um þrjár milljónir fylgjenda á Instagram þar sem hún birtir ljóð og teikningar. Ljóðabækur hennar seljast í bílförum og þegar hún les upp ljóð mæta þúsundir.

It is a blessing to be the color of earth do you know how often flowers confide me for home

-Rupi Kaur



Byltingarljóð Lindu

En það eru fleiri sem kunna að gera allt vitlaust. Þeim sem vilja lesa hárbeitt, kímín og feminísk ljóð á íslensku er bent á nýja ljóðabók **Lindu Vilhjálmisdóttur**, Smáa lettrið.





RENAULT
Passion for life

RENAULT ZOE

PRÓFAÐU 100% RAFBÍL Í 24 TÍMA!



Renault Zoe – verð: 3.750.000 kr.
TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Hafðu samband við sölumenn Renault og tryggðu þér 100% rafdrifinn ZOE til reynslu í 24 tíma. Renault Zoe hefur algjöra sérstöðu í þessum stærðarflokki rafbíla með 300 km uppgefið raundrægi. Renault ZOE er að auki, eins og aðrir nýir Renault bílar, með ríkulegan staðalbúnað. Taktu græna skrefið og prófaðu Renault Zoe 100% rafbíl.

Meðal staðalbúnaðar í Renault Zoe er:

Lykillaustr aðgengi, 7" snertiskjár með bluetooth kerfi, 16" álfelgur, tímastillir á miðstöð með varmadælu, leðurklætt aðgerðarstýri, LED dagljós.



**„ÞÚ HLEÐUR SJALDNAR
Á RENAULT“**

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Af oföldum ketti og dauðanum í Bónus

Ef þú gerir aðeins einn hlut á dag sem þú hefur aldrei gert áður þá breytist margt, segir leikkonan og leikstjórinn **Charlotte Bøving** sem gefur innsýn í ferlið við að semja verk um dauðann.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Listakonan Charlotte Bøving er Íslendingum að góðu kunn. Hún hefur búið á Íslandi samanlagt í fimmtán ár með eiginmanni sínum, Benedikt Erlingssyni leikstjóra. Hún átti að baki glæstan feril í dönsku leikhúsi þegar hún flutti fyrst hingað til lands árið 1999. Hún og Benedikt bjuggu í nokkur ár í Kaupmannahöfn stuttu eftir aldamótin. Þau fluttu alfaríð hingað heim árið 2007 og búa nú í Mosfellsbæ.

Það er ekkert einfalt mál fyrir leikara að byggja upp nýjan feril, á nýju tungumáli. Að verða allt í einu innflytjandi.

Charlotte hefur aldreið látið það stöðva sig og notað hindranir í veginum og lif sitt sem efnivið.

Hún var tilnefnd til Grímunnar fyrir einleik sinn Hina smyrjandi jómför árið 2003. Í einleiknum byggði hún á reynslu sinni af því að flytjast til Íslands.

Í öðru verki frá árinu 2010, kabarettinum Þetta er lífið – og nu er kaffin klar heldur hún áfram að nota lífshlaupið sem efnivið. Verkið er nokkurs konar öður til lífsins og Charlotte hlaut Grímutil-

nefningu 2011 fyrir besta sönginn.

„Ég dey“ er þriðji einleikur Charlotte og blaðamaður fær tækifæri til þess að skyggjast inn í sköpunarferlið. Einleikurinn verður fluttur í janúar á næsta ári og Charlotte ætlar að takast á við dauðann sjálfan frá sjónarhóli lífsins.

Í stellingum vísindamanns

Charlotte segist setja sig í stellingar vísindamanns þegar hún semur leikverk og undanfarin ár hefur hún skoðað allt mögulegt með augum dauðans. Hversdagslegar Bónusferðir og hversu mikið heimiliskötturinn fær að éta snýst upp í hugleiðingar um dauðann.

„Ég var nýorðin 50 ára þegar þeirri hugsun laust niður að ég myndi deyja. Hvers vegna í ósköpunum hafði ég ekki hugleitt áður að ég myndi deyja?“ segir Charlotte sem býður blaðamanni í aðsetur sitt í miðborginni, Skemmtihúsið á Laufásvegi 22A. Hús sem hjónin Brynja Benediktsdóttir og Erlingur Gíslason byggðu sér sem vinnustofu, stúdíó, galleri og athvarf fyrir leiklistarstarfsemi. Eftir að þau féllu bæði frá er húsið enn að miklu leyti notað í þágu leiklistarinnar. Charlotte semur og æfir í húsinu.

„Hér get ég æft mig og skrifað. Leikhúshópurinn sem ég vinn með, Ratatam, æfir hér. Ég ætla líka að halda námskeið hér,“ segir Charlotte sem hefur starfað sem markþjálfri frá árinu 2010.

„Hér er ég alla daga að hugsa um dauðann,“ segir hún og starir á blaðamann og skellir svo upp úr. Hún hefur einstakt lag á því að nota minnstu svipbrigði til að kalla fram það broslega.

Hélt ég myndi ekki vinna aftur

„Ég átti stórafmæli fyrir fjórum árum og varð þá svo hissa á því að fortíðin var orðin lengri en framtíðin. Ég hafði farið í gegnum lífið hratt, eiginlega á handahlaupum. En barna stansaði ég og hugsaði: Hei! Hvers vegna er ég eiginlega að þessu? Hvers vegna hef ég ekki horft í augu við það fyrr að ég þarf að deyja? Að ég þurfi að fara héðan,“ segir Charlotte um kveikjuna að leikverkinu. Dauðinn fór að smeygja



Viltu verða betri manneskja eða bitrari? Spyr Charlotte sem veltir fyrir sér dauðleikanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

sér inn í allar hugsanir og snúa öllu á haus.

„Ef við horfumst í augu við dauða okkar, myndi það breyta einhverju um það hvernig okkur langar að lifa? Þetta fannst mér svo spennandi tilhugsun. Nokkru áður fylltist ég ötta. Ég fór að sækja um stjórnunarstöður hér og þar. Komst oft áfram, fékk viðtal en fékk svo ekki starfið. Ég hélt ég myndi ekki vinna aftur. Nú væri ég bara orðin of gömul. Ég þyrfti að drifa mig að finna vinnu. Fastráða mig,“ segir Charlotte.

„Það var auðvitað engin skynsemi í þessar panikk hjá mér. Með öttanum fylgdi ákveðin uppgjöf. Ég gafst svolitíð upp. Fannst ég eins og Sysifos, rúllandi hnullungu upp sama fjallið,“ segir hún. „Þetta var ekki algjör uppgjöf, þetta var smá tilvistarkrís. En krísan tók fljótt enda þegar ég varð hugfangin af dauðanum,“ segir Charlotte.

Rannsakur dauðann

„Einn daginn kom þessi hugmynd sterk til mín: Þú verður að gera sýningu um dauðann. Ég fór strax að rannsaka dauðann. Lesa mér til. Skoða allt í lífinu með augum dauðans. Hann var nefnilega ekki mjög nálægt mér. Stærsti missir minn var þegar Brynja, móðir Benedikts, dó. Andi hennar svifur einmitt hér yfir í Skemmtihúsinu. Hún dó árið 2008, þá var ég kasólett að tvíburum. Hún



ÉG FÓR AÐ SÆKJA UM STJÓRNUNARSTÖÐUR

HÉR OG ÞAR. KOMST OFT

ÁFRAM, FÉKK VIÐTAL EN

FÉKK SVO EKKI STARFIÐ.

ÉG HÉLT ÉG MYNDI EKKI

VINNA AFTUR.

náði því miður aldrei að hitta tvíburana. Eitt lagið í kabarettinum Þetta er lífið var tileinkað henni Brynju,“ rifjar Charlotte upp.

„Ég fann mig í stiganum á leið niður. Það var Carl Jung sem setti fram myndlíkinguna um áviskeiðið sem gang upp og niður stiga. Við klifrum upp þar til áviskeiðið er hálfnað, svo höldum við niður. Næsta stöpp dauðinn! Og hvernig

líður manni á leið niður stiganum? Hvernig getur manni liðið? Eg er að hugleiða um þetta, mér finnst að einmitt á þessu áviskeiði þurfi maður ekki að þóknast neinum öðrum en sjálfum sér. Ég þarf auðvitað að lifa, vinna mér inn tekjur. Að skapa og miðla eru líka grunnþarfir hjá mér. Ég get hins vegar valið mér allt annað og meira frelsandi viðhorf en áður. Og svo þarf maður að læra að sleppa! Það er ein af stóru lexíum þessa lífs,“ segir Charlotte.

Betri eða bitrari?

„Við höfum hvort sem er ekki val. Við þurfum að sleppa. Við missum vini og ættingja. Ég missti vinkonu mína úr krabbameini. Við þurfum að sleppa börnunum okkar. Og í lokin þurfum við auðvitað að sleppa tókunum á lífinu sjálfu. En kannski þurfum við líka að sleppa hugmyndum um heiminn og okkur sjálf.“ nefnir Charlotte og segist finna það sjálf að hún þurfi að sleppa ýmsu sem hún vilji ekki burðast með. „Það er svo margt sem þjónar engum tilgangi að draga með sér,“ bendir hún réttilega á.

„Vinkona mín sem ég missti var ákaflega gjafmild. Ég ákvað að taka þann eiginleika og láta hana lifa í gegnum hann. En sumu verðum við að sleppa. Til að verða frjáls.

Viltu verða betri manneskja eða

bitrari? Eftir fimmtugt þá þurfum við að taka margt í okkar fari alvarlega ef við höfum ekki þurft verð áður. Viltu verða eins og þú varst þegar þú varst niú ára gömul? Frjáls, með vængi? Já, ég vil vera lifandi manneskja. Ég ætla að lifa lífinu lifandi þangað til ég verð tekin í burtu," segir Charlotte.

Bónus – hús dauðans

„Ég er auðvitað ekki að leysa lífs-gátuna. Mig langar bara að gefa fólki möguleika á því að uppgötva eitthvað nýtt. Finna sín eigin svör. Og þetta hefur verið skemmtilegt rannsóknarefni, ég spegla minar eigin uppgötvanir og það sem ég hef lesið mér til um. Tökum hvers-dagslegt dæmi. Bónus!

Bónus er hús dauðans. Allt inni í Bónus er annaðhvort dautt eða deyjandi. Allt grænmetið er deyjandi. Kjötíð dautt. Maður horfir í kringum sig, allt innpakkað í plast. Ef ég kaup þá ekki þá rotnar það og allt er til einskis. Þetta er rosaleg ábyrgð að fara í Bónus! Öll þessi dýr sem þurftu að deyja, allt þetta grænmeti. Mér finnst ég oft horfa beint inn í tilgangsleysið í Bónus. Endalaus hringrás dauðans!“

Heimiliskötturinn Kókus er líka tilefni til heimspekilegra vanga-veltna um dauða og ábyrgð.

„Við eigum kött og hann er rosalega feitur. Þegar fólk kom í heim-sókn var það oft að minnast á að hann væri jú dálítið stór. Og þá fékk ég hnút í magann. Jú, það eru nú mömmurnar sem bera ábyrgð á því ef einhver á heimilinu er ofalinn. Það er nú ekki almennt viðurkennt. Það talar enginn um það. En þannig er það. Eg horfi á Kókus og hugsa, ég verð að grenna hann. Það er á mína ábyrgð. Eg sagði fjöl-skyldunni að aðeins ég mætti gefa honum að borða. Aðeins tveimur mánuðum seinna var hann orðinn miklu penni. En um leið fór ég að finna dauða fugla. Þetta var í júní-mánuði og ég fann þá hauslausna á við og dreif í íbúðinni. Ég fór að hugsa um alla litlu ungana sem voru nú móðurlausir og deyjandi.

Jæja, hvort átti ég að velja. Góða mynd mína sem kattaupalanda eða líf litilla móðurlausra unga í hreiðri? Barna fyllti ég á skálinu og hægði á dauðanum allt um kring," segir Charlotte um gríðarleg völd sín yfir lífi og dauða í sínu næsta nágrenni.

Ávaxtastund í kirkjugarðinum

„Þá er það spurningin, hvað deyr og hvað deyr ekki? Hvað lifir áfram? Mamma mín er alltaf að flytja í Danmörku og í hvert skipti sem hún flytur þá finnur hún sér fallegan stað þar sem hún vill láta jarðsetja sig. Hún er mjög góð í því að finna sér fallega staði og sýnir mér þá og segir mér hvernig hún vill hafa þetta allt saman. Hér vil ég láta jarða mig og svo á að planta kirsuberjatré ofan á gröfina, segir hún. Svo við getum borðað hana. Mömmulegt ekki satt?“ segir Charlotte og leikur ferð í kirkjugarðinum með fjölskyldunni. „Komid þið krakkar, við erum að fara í kirkjugarðinn í ávaxtastund. Við erum að fara að borða smá ömmu. Koomið þið!“

Og svo erum við líka með sérstakar hugmyndir um það hver má deyja og hver má ekki deyja. Mús – hún má vel deyja. En ekki hamsturinn. Svin – þau mega deyja. En hundurinn okkar, nei alls ekki, þá fyllumst við sorg," segir Charlotte.

Leiksýning Charlotte mun án efa vera mikil skemmtun en á sama tíma krefjandi. Hún er menntaður markþjálfari og viðfangsefni hennar í kennslu eiga ýmislegt sameiginlegt með vinnu hennar við leikverkið um dauðann. Það er að segja, núið. „Ég byrjaði með námskeið fyrir tveimur árum síðan, ég kenni núvitund og seiglu, sem felst í að ráðleggja fólki um hvernig það getur nýtt sér ákveðin tæki og tól.“

Fórnarlambsvælið

„Í markþjálfun eru einmitt góð tæki og tól til að læra að sleppa. Maður getur til dæmis greint mynstur í eigin



KOMID ÞIÐ KRAKKAR, VIÐ

ERUM AÐ FARA Í KIRKJU-

GARÐINN Í ÁVAXTASTUND.

VIÐ ERUM AÐ FARA AÐ

BORÐA SMÁ ÖMMU.

hegðun og ákveðið að sleppa því. Við getum tekið sem dæmi fórnarlambið í okkur. Mitt fórnarlamb væli: Hvers vegna þarf ég alltaf að skrifa allt á dönsku fyrst? Hvers vegna by ég á Íslandi? Hvers vegna gefur maðurinn minn mér aldrei blóm?“ þylur Charlotte upp í þelutón.

„Á bak við fórnarlambsvælið liggja ákveðnar hugsanir og væntingar sem við höfum um okkur sjálf og aðra í kringum okkur. Ef við getum greint það og reynt að stilla þær betur af, átta okkur betur á því hvað við þurfum og hvernig við getum veitt okkur það sjálf, þá verður lífið betra. Þetta er ekki sálfræði.

Mér finnst hún ekkert spennandi, þetta eru bara hversdagsleg tæki sem við getum notað. En blessað fórnarlambið, það er sko meira en að segja það að láta það flakka," segir hún og kimir.

Þetta er ekki búid

„En það má vinna í því. Í að verða betri í stað þess að verða bitrari. Eg hef tekið nokkrar stórar ákvarðanir. Ég ákvað að hætta að kvarta yfir tungumálinu og yfir veðrinu fyrir mörgum árum síðan. Þegar ég var litil þá ákvað ég að horfast í augu við fólk. Ég var nefnilega svo feimin. Fyrst starði ég auðvitað í augun á fólki svo því hreinlega brá.

En svo kom þetta. Ef þú gerir aðeins einn hlut á dag sem þú hefur aldrei gert áður þá breytist allt. Og í þetta skipti, í þessari leiksýningu þá ætla ég að gera fimm hluti á sviði sem ég hef aldrei gert áður. Ég ætla að gera eitthvað alveg nýtt. Af því að svona er lífið. Og um leið segi ég: Þetta er ekki búid! Þótt ég sé deyjandi. Það verður að vera gaman. Lífið er of stutt til að hafa ekki gaman. Hleypum inn gleðinni. Ég á ekki við að við eigum að sleppa því að horfast í augu við erfðeika. Og auðvitað er lífið oft sorglegt. Og stundum verðum við reið. Við getum viðurkennt allar þessar tilfinningar en samt haft gaman.“

Tækni

færi

Það eru Tækifæris dagar hjá okkur. Líttu inn og gerðu góð kaup.



SIEMENS

Kæli- og frystiskápur, iQ300

Stál (kámfrír). Kæli: 215 lítrar. Frystir: 94 lítrar. „hyperFresh“-skúffa: Tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. „lowFrost“-tækni. Hljóð: 39 dB. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

Tækifærisverð: KG 36VU132

89.900 kr.

Fullt verð: 114.900 kr.



BOSCH

Handryksuga

Kraftmikil, 14,4 V. Ofnstútur fylgir með.

Tækifærisverð: BHN 14090

9.900 kr.

Fullt verð: 12.900 kr.



BOSCH

Þvottavél, Serie 6

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi meðal annars: Skyrtur, íþróttfatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), stutt kerfi (30 mín.), blandaður þvottur o.fl.

Tækifærisverð: WAT 2849BSN

89.900 kr.

Fullt verð: 127.900 kr.



BOSCH

Uppþvottavél, Serie 4

14 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 45° C. Tvö sérkerfi, þar á meðal tímastytting. Zeolith®-þurrkun. Hljóð: 42 dB. Hnifaparaskúffa. „AquaStop“-flæðivörn.

Tækifærisverð: SMP 69M15SK

129.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.



BOSCH

Spanhelluborð, Serie 4

Án ramma. Snertihnappar. 59,2 sm á breidd.

Tækifærisverð: PUE 611BBZE

66.900 kr.

Fullt verð: 86.900 kr.



BOSCH

Baðvog

Stafræn baðvog með nákvæmni upp á 100 g. Hámarksþyngd 180 kg. Stórir og skýrir stafir.

Tækifærisverð: PPW 3300

4.200 kr.

Fullt verð: 5.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR - RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM - ALLT



62%
afsláttur



50%
afsláttur



66%
afsláttur

Allt að
44%
afsláttur




62%
afsláttur

Allt að
70%
afsláttur



66%
afsláttur



65%
afsláttur



66%
afsláttur



60%
afsláttur

AÐ 70% AFSLÁTTUR - RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM - ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR - RÝMUM

VEFVERSLUN

WWW.RFL.IS

OPIÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN

HELGAR- TILBOÐ

TILBOÐIN GILDA

TIL 16.09.18



Allir lampar
og loftljós
20%
afsláttur



Allir sófar og
hægindastólar
20-30%*
afsláttur

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM



„Fólk sem lifir lífinu, hugsar um fjölskyldu sína, það sýnir betri færni í að leysa verkefni,“ segir Ingibjörg. Ímyndin um blaðamanninn sem harkar af sér fram á ystu brún sé fallin úr gildi. MYND/TILOTTA/CNN

Eðlilegir bólfélagar

Ingibjörg Þórðardóttir, ritstjóri á CNN, ræðir um baráttuna gegn fölskum fréttum og ábyrgð fjölmiðla. AT&T varð móðurfélag CNN í sumar. Eðlilegir bólfélagar, segir Ingibjörg, sem er þó uggandi yfir því að fjölmiðlar séu að færast á hendur fárra.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Vinnudagur Ingibjargar Þórðardóttur, ritstjóra stafræna teyma CNN í heiminum, liggur aldrei ljós fyrir. Hann er svo sannarlega ekki frá níu til fimm og vinnustaðurinn ekki bundinn við starfsstöð hennar í London heldur teygir anga sína um allan heim, til dæmis til Hong Kong, Lagos í Nígíeríu, Abu Dhabi og New York.

Hún stýrir um 50-60 manna fréttateymi sem hefur það verkefni að fjalla um mannlíf, íþróttir og fréttir víðs vegar um heiminn. Þegar blaðamaður ræðir við Ingibjörgu er hún á skrifstofu fréttastöðvarinnar í London, vinnudeginum brátt að ljúka og hún segist brátt ætla að tygia sig heim til fjölskyldunnar.

Gott fordæmi á skrifstofunni
Vinnuvikan er annasöm hjá Ingibjörgu og fréttateymi hennar. Hvírfilbyljir stefna til Banda-

rikjanna, Filippseyja og Kína. „Við höfum áhyggjur af því að byljirnir geri mikinn óskunda. Við höfum einnig verið að fylgjast með stjórnmálaástandi í Ungverjalandi og birtum stórar fréttir í vikunni um það. Austurblokkinn í Evrópu, þetta eru stórfreittir. Trump er auðvitað alltaf í bakgrunninum og svo eru ráðamenn í Rússlandi með sína stærstu heræfingu síðan í kalda stríðinu,“ segir Ingibjörg um verkefni.

„Ég held að það sé mikilvægt fyrir stjórnendur að sýna gott fordæmi og fara af skrifstofunni á skilkanlegum tíma. Ég vinn stundum heima ef ég þarf þess nauðsynlega, en þegar ég sendi starfsfólki mínu tölvupóst utan vinnutíma þá tek ég skýrt fram að honum þurfi ekki að svara fyrir en á næsta vinnudegi. Það er mikilvægt að fólk mæti með fulla starfsorku til vinnu og gæti að heilbrigði sínu. Það þarf að nærast, hvilast og sinna fjölskyldu sinni,“ segir Ingibjörg sem segir það reynslu sína að starfsfólk sem gæti að þessu jafnvægi inni miklu betri vinnu af hendi. Blaðamannsstarfið sé krefjandi. „Fólk sem lifir lífinu, hugsar um fjölskyldu sína, það sýnir betri færni í að leysa



**ÉG HELD AÐ ÞAÐ SÉ AL-
GJÖR MÝTA AÐ KONUR SÉU
ÁTAKAFÆLNAR. ÞÆR ERU
ALLS EKKI HRÆDDAR
VIÐ AÐ TAKAST Á VIÐ
ERFIÐ MÁL EN NÁLGUN
KVENNA ER ÖÐRUVÍSI
Í MÖRGUM TILFELNUM.**

verkefni,“ segir hún og segir gömlu ímyndina um blaðamanninn sem harkar af sér fram á ystu brún löngu fallna úr gildi.

„Í svona krefjandi starfi er nauðsynlegt að finna sér jafnvægi. Fyrsta árið hér á CNN vann ég allt of mikið. Ég var í ákveðnu uppbyggingarstarfi og því var það kannski nauðsynlegt. Smám saman gefst færi á því að finna betra jafnvægi. Ég skipti deginum upp. Ef það er mikið að gera í Asíu þá vakna ég fyrr og hætti fyrr. Ég reyni að búa vinnuna niður, hitta vini í hádegishléi. En auðvitað koma dagar inn á milli þar sem eru strangar vinnulotur en þá held ég samt í þá reglu mína að sýna gott fordæmi. Ég ætlast ekki til þess af starfsfólki mínu að það gefi allt frá sér í starfi.“

Konur eru ekki átakafælnar
Ingibjörg bjó hvað lengst í Fossvogshverfi þegar hún var að alast upp. Hún lauk grunnskólanámi við Hvassaleitisskóla og stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík. Hún lærði stjórnálfærð við Háskóla Íslands eftir stúdentsprófið 1992. Hún tók meistaraáráðu í alþjóðastjórnmálum við Univers-

ity College háskóla í London og hóf störf hjá BBC skömmu eftir útskrift. Hún skrifaði um Margaret Thatcher í lokaritgerð sinni.

„Mig langaði til þess að fjalla um konur í valdastöðum og fór að leita að því hvaða konur væri áhugaðvert að fjalla um. Margaret var ein af þeim fyrstu til að gegna valdamikilli stöðu í stóru landi. Hún er lífseig, mýtan um að konur forðist átök. Margaret forðaðist ekki átök. Hún fór í stríð! En Margaret gerði það með því að spila sama leik og karlar gerðu. Það var nauðsynlegt á hennar tíma en ekki lengur. Ég held það sé algjör mýta að konur séu átakafælnar. Þær eru alls ekki hræddar við að takast á við erfið mál en nálgun kvenna er öðruvísi í mörgum tilfellum en það gerir hana ekki síður áhrifaríka,“ segir Ingibjörg sem vissi ekki þegar hún skrifaði um Margaret að hún ætti sjálf eftir að brjóstast í gegnum glerþakið í karlaheimi fjölmiðla í Bretlandi.

Farsæll ferill hjá BBC

Hún átti eftir að starfa í 15 ár hjá miðlinum og komast til áhrifa. Hún varð ritstjóri fréttavefsíðu BBC. Þar stýrði hún fréttavali og teymi fréttamanna vefmiðilsins. Seinna varð hún einn ritstjóri alþjóðafretta stafræna miðla hjá BBC. Hún var ein af fáum konum sem gegndu stöðu yfirmanns í deildinni. Árið 2015 var Ingibjörg ráðin til CNN og í janúar á þessu ári varð hún ritstjóri stafræna teyma á alþjóðavísu.

„Ég byrjaði strax á ríkismiðlinum, sem er tiltölulega óalgenget. Ég fékk fyrst þriggja mánaða reynslutíma og byrjaði hjá BBC World en flutti mig svo yfir í breska hlutaninn. Það var mjög stórt skref fyrir mig. Því auðvitað ólst ég ekki upp í Bretlandi, það er svo margt sem fæst með því að alast upp og hrærast í menningunni. Því var mér sýnt ákveðið traust. Ég flutti mig svo þaðan yfir á stafræna miðlana.“

Sérhæfð í stríðsátökum

Eiginmaður Ingibjargar heitir Chuck Nwosu og starfaði með henni

á BBC. „Hann var einn af þeim fyrstu sem ég hitti í vinnunni. Við höfum eiginlega verið saman frá því að við kynntumst. Hann er fæddur í Nígíeríu en flutti til Bretlands sex ára gamall. Við eignuðumst börnin okkar tvö fyrst og giftum okkur fyrir níu árum,“ segir hún.

Ingibjörg sérhæfði sig í alþjóðlegum stríðsátökum og fór víða til fréttastöðvarinnar í þeim málaflokk á átakasvæði. „Það var eftirminnilegt fyrir mig að vera í Beirúti í hörðum stríðsátökum. Ég kynntist því vel hvernig það er að lifa á stríðssvæði og dvaldi þar með blaðamönnum BBC í tvo mánuði. Þar var sprengt á hverri nóttu. Ég var einnig með blaðamönnum BBC í New York um tíma eftir árásirnar á tvíburaturnana þann 11. september. Þegar þar voru teknar ákvarðanir um stríð. Minningar frá þeim tíma eru sterkar. Mér fannst líka erfitt að koma heim til Íslands eftir hrúnið 2008. Það er allt erfiðara sem stendur manni nærri og mér fannst erfiðara að vera hlutlaus þegar ég var að tala um fréttir af hrúnuinu,“ segir Ingibjörg frá.

Féll fyrir London

Ingibjörg segist njóta þess besta frá Bretlandi og Íslandi.

„Ég féll fyrir borginni. Mér hefur líðið vel í London frá því ég kom hingað fyrst í nám. Ég fann strax hvað ég hafði mikla möguleika hér. Þar sem ég byr er rólegt. Eiginlega bara eins og í litlu þorp. Ég get alveg sleppt því að fara niður í bæ ef ég er ekki að vinna. Og mér finnst yndislegt að ala upp börn hér. Þau fá að upplifa frelsið á Íslandi þegar þau fara þangað í heimsóknir og á sumrin. Tala reiprennandi íslensku og hafa mikil og góð tengsl þangað. En fá svo líka að njóta möguleikanna í London. Það er eiginlega alveg sama hvað þau eru að læra um í skólanum, það er til safn með það,“ segir Ingibjörg og hlær. „Bara Íslendingur áttar sig á því hvað það er frábært. Það er einhvern veginn allt í sellingarfarlægð,“ segir hún. „Við njótum þess besta úr báðum heimum. Börnin mín eru nýkomin úr ferð til Íslands, þau dvelja þar ➔

DISCOVERY SPORT SE+

FÁGAÐUR SPORTJEPPI Á EINSTÖKU VERÐI

landrover.is



ABOVE & BEYOND



Búnaður, bíls á mynd er frábregðinn búnaði, bíls á auglýstu verði.

ENNEEM / SIA / NM09755

LAND ROVER DISCOVERY SPORT SE+ VERÐ: 7.790.000 kr.

Búnaður SE+ útgáfu: 18" álfelgur, 9 þrepa sjálfskipting, stillanlegt Terrain Response drifkerfi, leður-/tausæti, leiðsögukerfi, upphitað stýrishjól, sæti og framrúða, rafdrifin framsæti, þokuljós, bakkmyndavél, armpúðar á milli framsæta og dráttarkrókur.

LAND ROVER
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

→ oft á sumrin hjá ömmu og afa. Og ég er nú alltaf með annan fótinn þar.“

Facebook hnignandi

Ingibjörg er reyndar væntanleg til landsins strax í næstu viku. „Ég held erindi á haustráðstefnu Advania um trúverðugleika og fréttaflytning. Það hefur aldrei verið mikilvægara en nú fyrir fjölmiðla að marka sér skýra stefnu og elta ekki sibeireyðilegar dreifingarleiðir,“ segir hún og tekur dæmi af Facebook sem hnignandi dreifingarleiðir frá. „Ég ætla að deila sýn minni á þetta óreiðukennda umhverfi og stefnu CNN í þessum efnun,“ segir Ingibjörg en ráðstefnan fer fram á föstudaginn í næstu viku.

„Traust er mikilvægara en nokkru sinni áður,“ segir Ingibjörg. „Á sama tíma hafa fjölmiðlar ekki fullkomna stjórn á því hvernig upplýsingum er dreift. Við þurfum að berjast gegn falsfréttum sem dreifast með ógnarhraða á netinu. Miklu hraðar en alvöru fréttir því á ritstjórn þarf að fara í gegnum ritstjórnarferli, sem getur tekið tíma. Það þarf að sannreyna fréttir, það er það sem greinir fréttir frá upplýsingum eða falsfréttum, það þarf að skoða fleiri en eina hlið málsins. Það má aldrei taka neinu sem gefnu. Það er sama hvaðan það kemur. Hvort það kemur frá æðstu valdamönnum heims, stjórnmöldum, vinum. Það má aldrei gefa afslátt af gæðum og heilindum. Blaðamenn mega aldrei vera hræddir við að spyrja einfaldra spurninga. Þeir eiga að efast og gagnrýna, mega aldrei láta hafa áhrif á sig. Og þó að við eigum að vera vakandi fyrir nýjungum, skoða hvernig almenningur leitar fréttar þá megum við ekki eltast í sífellu við allt nýtt. Þá missum við fókúsin og þessa langtímasýn sem verður alltaf að vera til staðar,“ segir Ingibjörg.

„Ég er auðvitað tiltölulega nýtekin við þessu starfi hjá CNN og hef verið í uppbyggingarstarfi hvað varðar reksturinn. Ég er spenn fyrir möguleikum stafærnunar málunar, hún hefur aldrei verið flóknari. Og aldrei áhugaverðari, ef út í það er farið,“ bætir hún við.

Hún segist ekki hugsa sér til hreyfinga úr hringi fjölmiðla. „Ég er hins vegar óhrædd við að skipta um starf og starfsumhverfi, það fylgir starfinu. Ég hef einnig óðlast mikla reynslu í stjórnun og krefjandi verkefnum og því að umblyta rekstri og starfsemi innan fyrirtækja,“ segir Ingibjörg. „Stundum sakna ég þess að vera á gólfinu, í hringiú alls. Þegar stórféttir rata inn á ritstjórnina þá hleyp ég inn á gólf,“ segir hún



„Það verður alltaf þörf fyrir fréttir en fólk mun nálgast þær öðruvísi,“ segir Ingibjörg. MYND: SARAH TILOTTA/CNN

og segir þessi viðbrögð munu fylgja sér. Hún sé blaðamaður í hjartanu.

Eðlilegir bólfélagar

Ólafur Jóhann Ólafsson, sem gegndi stöðu aðstoðarforstjóra Time Warner fyrir þá ákvörðun alríkisdómstóls í Washington að heimila samruna fjarskiptarisans AT&T og TimeWarner, sagði í viðtali við Fréttablaðið á síðasta ári að almenningur gengi í raun kaupum og sölum. Kapítalisku risarnir græddu mest á því að vita sem mest um sem flesta. Nú vinnur Ingibjörg í raun fyrir einn kapítaliska risann því AT&T er nú eigandi CNN.

Hvaða sýn hefur hún á þessa þróun?

„Þessi þróun er keyrd áfram af þörf markaðarins til að viðhalda vexti og þó að ég vinni fyrir fjölbreytileiki í fjölmiðlum er afar mikilvægur og sérstaklega í fréttum. Ég hef ekkert á móti hægri miðlinum Breitbart sem tekur oft mjög stífan pól í hæðina. Eða dagblaðinu Sun sem hefur einnig mjög ákveðna stefnu sem götublað. Þessir miðlar fara ekki leynt með stefnu sína og hugmyndafræði og eru opinir um sína afstöðu þannig að lesendur vita hverju þeir geta átt von á. Fólk verður að skilja hvernig eigendur

geta haft áhrif á stefnu fjölmiðils. Það er hætt á því í dag að fjölmiðlar verði á of fám höndum og það er mikil krísa í fjármögnun fjölmiðla í heiminum. Það er ekkert skrytið því samkeppnin við afþyngingunni harðar í sífellu. Ef fréttir CNN ná betur til almennings í kjölfar samrunans þá er það gott. Símafyrirtæki og fjölmiðill eru eðlilegir bólfélagar í dag,“ segir Ingibjörg og bendir á nýlega sameiningu Vodafone við Stöð 2, Vísí og Bylgjuna.

Hver er munurinn á því að starfa hjá ríkismiðli og „kapítalískum risa“?

„Það er mikill menningarmunur. Bandaríkjamenn eru óhræddir við að prófa nýja hluti og ryðjast áfram. Bretarnir eru rólegri, fastir í að halda fundi og hugsa allt út í öreindir. Fjármögnunin hjá BBC kom auðvitað frá skattgreiðendum en nú vinn ég fyrir fyrirtæki sem er á markaði. Það er allt öðruvísi pressa sem fylgir. Það er óhætt að segja að ég hef meira frelsi, það er minni skrifinnaska og fleiri tækifæri til að vera skapandi. Það var það sem ég var að leita eftir,“ segir Ingibjörg.

Er þetta ennþá karlaheimur?

„Já, þetta er mikill karlaheimur. Það leikur kvinnu vafi á því. Ég er enn ein ferra kvenna í stjórnunarsstöðu. Þótt þeim sé alltaf að fjölga

þá mun taka tíma að leiðrétta þennan halla sem hefur varað svo áratugum skiptir. Karlar hafa ráðið fjölmiðlaheiminum og verið ráðnir í stjórnunarsstöður og í langan tíma þótti blaðamannsstarfið vera karlastarf. Karlar réðu karla. Fréttamatíð var líka öðruvísi,“ segir Ingibjörg sem segir það segja sig sjálf að með jafnara kynjahlutfalli verði fréttamatíð gildara. Það endurspeglar samfélagið betur. „Við þurfum að nýta vel slagkraftinn sem myndaðist eftir #metoo-byltinguna og eftir harða baráttu um jöfn laun í fjölmiðlum, en þurfum að gæta okkar á bakslaginu. Að pendúllinn fari ekki af hratt til baka. Það er nefnilega mótstaða. Við þurfum fleiri konur á öllum sviðum fjölmiðla. Það þarf að gæta að konum sem eru að koma úr barn-eignarfri, gæta að launamismuninum og að setja ekki alla í sama form. Fjölbreytnin er fyrir öllu,“ segir Ingibjörg. „Á CNN fer fram mikil vinna innan fyrirtækisins sem miðar að jöfnum kjörum kynjanna. Ég er vongóð um að innan fimm ára verði hægt að greina töluverðar breytingar,“ segir Ingibjörg.

Hvernig list henni á íslenska fjölmiðla?

„Það er stundum hægt að fara of hratt. Gera of mikið. Ég held að margir fjölmiðlar falli í þá gryfju



EF ÞÚ ERT EKKI VEL

LÍÐINN Á MEÐAL STJÓRN-

MÁLAMANNA VEGNA ÞESS

AD ÞÚ VINNUR STARF

ÞITT VEL OG ÞÉR ER

HAFNAD UM VIÐTAL

SÖKUM ÞESS, BIRTU ÞÁ

FRÉTT UM ÞAD.

að taka staðhæfingar beint upp frá stjórnmöldum, opinberum stofnunum og fyrirtækjum og prenta þær. An þess að tékka, er þetta rétt? eru staðhæfingarnar réttar? Hafa allir aðilar að málum fengið að tjá sig? Stjórnmöld og fyrirtæki hvar sem er í heiminum hafa tilhneigingu til að fegra staðreyndir og halda sig við sína hlið, sem segir oft ekki alla söguna. Ég held að réttara væri að segja færri fréttir og vinna þær betur. Enn og aftur þá mega blaðamenn ekki vera hræddir eða vilja þöknaast. Ef þú ert ekki vel liðinn á meðal stjórnmálamanna vegna þess að þú vinnur starf þitt vel og þér er neitað um viðtal sökum þess, birtu þá frétt um það,“ segir Ingibjörg. „Starf blaðamanna er að hlúa að og styðja lýðræði og gagnsæi í samfélaginu, það byggir upp traust almennings á fréttamennsku.“

Ög hvernig lítur hún til framtíðar?

„Ég held að það verði alltaf þörf fyrir fréttir en fólk mun nálgast þær öðruvísi. Það getur jafnvel breyst yfir nótt hvernig fólk finnur fréttir sínar. Ég held það skipti máli að fylgjast með hegðun fólks og hvaða þarfir það hefur. Hvað er til dæmis Netflix fyrir fréttir? Fréttir verða fljótt úreltar. Hvernig er hægt að vinna þær öðruvísi, þannig að virði þeirra verði meira? Hvernig er hægt að auka aðgang fólks að fréttum? Gera þær notendavænni? Þeim fjölmiðlum sem rata rétta leið í þeim efnun mun vegna vel.“

En eitt er vist. Gæðafni ratar alltaf á réttan stað. Í dag er miklu stífar krafa um vandaða rannsóknarvinnu. Það þarf að fara á eftir fréttunum, spyrja og leita,“ segir Ingibjörg og segir þá sem sitja og bíða eftir fréttum í fangið tapa.

SNJALLHEIMILISBLAÐIÐ
KEMUR ÚT Á MÁNUDAGINN

KÍKTU Á ELKO.IS OG SJÁÐU HVERNIG ÞÚ GETUR GERT HEIMILIÐ ÞITT AÐEINS SNJALLARA

ELKO

FÓLK

LAUGARDAGUR 15. SEPTEMBER 2018

Helgin



Krúnk, krúnk og dirrindi er nýr barna- og fjölskyldusöngleikur sem frumsýndur verður í Hofi á morgun. Agnes Wild er leikstjóri sýningarinnar.

→4



Úlfar Finnbjörnsson tók við sem yfirkokkur Grand Hótel Reykjavík í desember í fyrra. Hann er önnum kafinn við undirbúning villibráðar- og jólahlaðborða.

Jólahlaðborð með villtu sniði á Grand

Úlfar Finnbjörnsson, yfirmatreiðslumaður á Grand Hótel Reykjavík, er í óðaðönn að undirbúa villibráðarhlaðborð sem haldin verða í október. Næst á dagskrá eru jólahlaðborðin á Grand sem eru ein þau vinsælustu á landinu. →2



Einn glæsilegasti og nýjasti salur hótelsins er Háteigur á fjórðu hæð Grand Hótel Reykjavík. Salurinn er einn sá tæknilegasti á landinu með stjörnulýsingu í loftinu sem gefur frábæra stemningu.

Úlfar hefur starfað á Grand Hótel Reykjavík frá því í desember í fyrra og er afar ánægður með tíma sinn þar. „Þetta hefur verið alveg ofsalega gaman, mikil vinna en spennandi. Það var mjög skemmtilegt að koma aftur enda vann ég hérna fyrir þrjátíu árum. Eg hef ekkert breyst, en hef mikið lært,“ segir hann glettinn.

Úlfar hefur í nógu að snúast enda er Grand Hótel Reykjavík stærsta ráðstefnuhótel á Íslandi. Fyrir utan gesti hótelsins þarf að matreiða ofan í fjölda annarra gesta sem koma á ráðstefnur eða bara í mat. „Svo eru hlaðborðin mjög vinsæl en við höfum boðið upp á sumarhlaðborð, villibráðarhlaðborð og jólahlaðborð.“

Tina sveppi, jurtir og ber

Úlfar er þjóðþekktur kokkur, ekki síst fyrir áhuga sinn á villibráð. Því er ekki að undra að nánast er uppselt á villibráðarhlaðborð Grand sem verða haldin í lok október. Mikill undirbúningur liggur að baki slíku hlaðborði enda er allt unnið frá grunnu í eldhúsi Grand. „Við erum á fullu að undirbúa núna. Erum að búa til pate, grafa og reyka lax. Við reynum að gera sem flest sjálf, förum til dæmis að tina sveppi, jurtir og ber. Ef við náum ekki að tina nóg reynum við að kaupa íslenskt.“

Vandað jólahlaðborð

Jólahlaðborð Grand Hótel Reykjavík hefur verið með þeim vinsælustu á landinu. Í ár verður það með villtu sniði. „Hlaðborðið er hefðbundnið en við munum bjóða upp á fjóra eða fimm villibráðar-rétti líka. Við höfum ekki ákveðið hvaða réttir það verða enda vitum við aldrei hvað fæst mikið af hverju. Þeir sem koma tvisvar fá því örugglega ekki alveg það sama.“ Úlfar segist leggja mikla áherslu á að vanda val á hraefni. „Við erum búin að vera að smakka hangikjöt hingað og þangað. Höfum ekki alveg komist að niðurstöðu en líklega verður það að norðan. Við vöndum valið enda viljum við fara alla leið og vera best.“

Þjóðþekktir skemmtikraftar

Hátíðardagskráin á jólahlaðborðum Grand í ár verður ekki af verri endanum. Haukur Heiðar úr

Diktu ásamt Þorbirni S munu spila á föstudagskvöldum en á laugardagskvöldum stíga Magnús Þór Sigmundsson og Jóhann Helgason á svið. Úlfar segir skipta miklu að stemningin á svona kvöldum sé rétt. Hún þurfi að vera hátíðleg og þessir tónlistarmenn skilji hvað þurfi til.

Nýr og glæsilegur salur

Einn glæsilegasti og nýjasti salur hótelsins er Háteigur á fjórðu hæð. „Salurinn er svakalega flottur og ábyggilega tæknilegasti salur á Íslandi með LED lýsingu, stýranlegum veggjólum og stjörnulýsingu í loftinu sem setur skemmtilegan svip á salinn. Ekki skemmir heldur útsýnið yfir bæinn,“ segir Úlfar og bætir við að umgjörðin skipti miklu til að upplifun matarasta verði sem allra best. Salurinn hentar vel undir ráðstefnur og veislu af öllum toga en hlaðborðin verða að hluta haldin í Háteigi.

Mikil aðsókn


Bilvogur eh/f

Bifreiðaverkstæði Auðbrekka 17 200 Kópavogi

Láttu okkur gera bíllinn kláran fyrir veturinn.

Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílavíðgerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta. Metum ástand og gerum við. www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



Prjór stærðir 7,5/9,5/14,9 fm. Veggjagrind út 45x95 timbrí. Pappi og búrústál á þaki. Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir. Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaprif.

Hægt að panta tíma á hofdabon.is

Höfðabón ehf Dugguvogi 10 (bakvið húsið) S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

HÖFÐABÓN

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is



Heilbrigð starfsemi í traustri langtímaleigu!

Rekstraraðilum með heilsutengda þjónustu, verslun eða aðra starfsemi býðst nú til leigu bjart og rúmgott rými á jarðhæð glæsilegrar byggingar í Álftamýri 1-5. Séríngangur er að framan og aftan og næg bílastæði eru við húsið.

Starfsmannaaðstaða er til fyrirmyndar og endurbætur eða breytingar koma til greina eftir þörfum.

Í húsinu er nú þegar starfandi fjöldi lækna og tannlækna auk þess sem þar er að finna ýmsa aðra heilsutengda starfsemi.

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá Halldóri Jenssýni sölustjóra í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Umhverfið allt ein kennslustofa

Ef skólaljalla er í Lýðháskólanum á Flateyri mun hún glymja næsta laugar- dag, jafnvel berg- mála í fjöllum við Önundarfjörð. Þá verður skólinn settur í fyrsta skipti.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þið finnið mig í kaupfélagshúsinu," segir Helena Jónsdóttir þegar hún leiðsegr okkur Sigtryggi Ara ljósmyndara símléiðis. Við erum komin til Flateyri til að heilsa upp á hana og forvintast um væntanlegt lýðháskólalund, þar sem hún hefur valist til forystu. Og mikil rétt, við finnum hús sem ber öll merki kaupfélags, utan frá séð, þar er meira að segja útstandandi búðargluggi. Á efri hæðinni eru skrifstofur skólans og þar eru þær Helena og Anna Sigríður Sigurðardóttir, einu fastráðnu starfsmennirnir.

„Anna er kennslustjóri okkar," segir Helena um leið og hún kynnir hana. „Síðan koma um það bil 30 kennarar í viku til tvær, flestir tvær, og ausa úr sínum viskubrunnum. Anna er ábyrg fyrir þeim hluta, að þeir standi sig og geri það sem þeim er ætlað."

Verður þú með svipuna á lofti? spyr ég Önnu í gríni. „Já, algerlega," svarar hún af sama alvöruleysi.

Nemendur á öllum aldri

Anna er kennari til margra ára úr framhalds- og grunnskólum. Flutti meðal annars í Árneshrepp fyrir nokkrum árum með fjölskylduna og var þar að kenna. „Þegar fólk hér segir við mig: „Þú veist að hér getur snjóað og það er dálítið dimmt hérna í skammdeginu," þá get ég svarað: Já, ég hef búið norður á Ströndum svo ég veit hvernig vestfirskir vetur eru og þar var vegurinn oft laudur," segir hún brosandí.

Þær Helena og Anna eiga von á um 30 nemendum. „Við erum með tvær brautir og gerðum okkur vonir um tólf nemendur á hvora, þannig að allt milli 25 og 30 er bara bónus og plús. En allt yfir 30 er orðið erfitt í skipulagningu. Þannig að þetta er eins fullkomið og hægt er," segir Helena brosandí.

Á tímabili segir hún 40 hafa verið á skrá. „Mér finnst alveg ótrúlegt að 40 manns hafi sótt um vist í skóla sem var bara til í hóföðinu á okkur, í tölvu og Excel-skjali. Ef fólk ætlaði að koma í heimsókn vorum við bara vandræðalegar. Ég var ekki einu sinni komin með skrifstofu, var bara að vinna heima, á náttfötunum hálfan daginn! En svo er náttúran og umhverfið svo heillandi hér á Flateyri að fólk kemur að skoða spurði varla „hvar er skólinn?" enda er umhverfið allt ein kennslustofa. Það er það sem gerir þennan skóla einstakan."

Umsækjendur eru á aldrinum 18 til 62 ára og koma frá hinum ýmsu stöðum, jafnvel alla leið frá Singapur, að sögn Helenu. Hér verður fólk með mastersgráður, grunnskólapróf og allt þar á milli og kemur á ólíkum forsendum. Nokkrir hafa átt erfitt með að taka próf, eru með lesblindu eða liður almennt ekki vel í skóla- kerfinu. Aðrir eru á milli mennta- skóla og háskóla og langar í eitt- hvert óhefðbundnara nám við nýjar aðstæður. Svo er fólk sem er komið



Helena hefur farið víða um heiminn en henni finnst það alger forréttindi að fá skólajórarstarf á Flateyri. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI



Kennsluástaðan verður í félagsheimilinu og líka á efri hæð kaupfélagshússins.



Litlu húsin sem notuð eru fyrir ferðamenn á sumrin fyllast brátt af skólafélki.



Anna Sigríður og Helena eru einu fóstu starfsmennirnir við Lýðháskólann.



VIÐ ERUM

EKKI AÐ

SÖKKVA

OKKUR OFAN

Í LESTUR

FRÆÐIBÓKA

OG KENNINGA.

„Nei, alls ekki. Þetta er gömul hugmynd hér á Flateyri sem ekkert varð úr á þeim tíma sem hún kom upp fyrst. En góð hugmynd, ekki sist vegna þess að lýðháskólar eru mjög tengdir þeim samfélögum sem þeir eru í og hugmyndin er sú að þeir bæði gefi og taki frá þeim."

Kennarar úr öllum áttum

Eins og sést á heimasíðu skólans eru kennararnir með ólíkan bakgrunn, einn veit allt um veidar og vinnslu, annar er gagntekinn af útivistar- áhuga, þriðji hefur ástríðu fyrir mat og umhverfisvernd og sjálfbærni brennur á þeim fjórða. Þar eru frum- kvöðull, rithöfundur, leikstjóri, ljós- myndari, hönnuðir, leiðsögumenn, bændur og kvikmyndagerðarfolk, já titlarnir eru margir og fjölbreyttir.

„Við erum ekki að sökkva okkur ofan í lestur fræðibóka og kenninga heldur er námið meira verklegt og byggt upp þannig að nemendur óð- list þekkingu á ákveðnum viðfangs- efnum gegnum reynslu. Við leggjum áherslu á að bjóða upp á ólík nám- skeið þannig að nemendur fái fjöl- breytta möguleika til að spreyta sig við mismunandi aðstæður með nýju fólki sem þeir kynnast. Við segjum gjarnan ... svo miklu meira en bara skóli ... því lýðháskóli er 24 stunda samvera. Við búum saman, borðum saman, vinnum saman og erum saman nánast öllum stundum. Náms- skeiðin eru eitt en samfélagið sem við búum til verður lærdómur líka og lýðræðislegar ákvarðanir teknar um vissa hluti."

Helena segir kennsluskrár geta ríðast af ýmsum ástæðum, vont veður sett strík í reikninginn – eða gott veður sem gaman sé að nýta til útivistar. „Við viljum vinna að því að kennararnir séu alltaf með plan B þannig að við getum hoppað út í eitt- hvað nýtt og skemmtilegt," segir hún. „Það getur verið að sitja bara inni og horfa á bíómynd saman, skreppa út á sjó ef þannig aðstæður skapast, fara á tónleika hjá einhverjum sem alla langar að hlusta á eða kíkja á snjó- flóð inni í firði sem vert er að skoða. Hver veit nema við viljum sleppa skóla einn dag til að skipuleggja ball sem við bjóðum öllum Vestfirðing- um á," segir hún glaðlega. „Það er skóli í því."

ágætlega á veg í lífinu en vill kannski bara aðeins brjóta það upp og finna annan takt."

Helena segir fyrsta nemandann mættan á svæðið þótt skólajórar sé ekki hafid. „Ung kona að sunnan kom hingað tímanlega svo börn hennar tvö gætu hafid sitt nám í grunnskólanum. Hún er algerlega mögnuð. Ekki nóg með að hún kæmi keyrandi hingað í litlum bíl með börnin heldur var hún búin að vera mánuð í tjaldferðalagi með þau um Ísland, stundum í brjáluðu veðri. Ég sá hana á fésbókinni. Þá var hún norður á Ströndum í 20 metrum á sekúndu, þrjár tjaldhælar eftir og börnin steinsvafu í látunum!"

Á loftinu er huggulegt kaffihorn. „Hér borðum við skólafólknið einfaldan morgunmat, hafragraut, braud, jógúrt og slíkt. Svo er farið í skólann, sem er bæði hér á hæðinni og úti í félagsheimili, en hádegismatur er borðaður á neðri hæð þessa húss, í mótneyti sem Ísafjarðarbær rekur. Heimavistin er svo í litlu húsunum sem notuð eru fyrir ferðamenn á sumrin, þar er allt til alls til að halda heimili. Nemendur leigja þar, sumir deila herbergi, aðrir eru með sér- herbergi og enn aðrir taka heil hús á leigu því þeir koma með fjölskyldur."

Helena er klínískur sálfræðingur að mennt og hefur undanfarnin þrjú ár verið í hjálparstörfum úti um allan heim. Hún kveðst líta á þetta nýja skólajórarstarf sem einstök forrétt- indí. Átti hún kannski hugmyndina að skólanum?

HAUST 2018

Hautlínan frá The North Face er komin.

Jakkar, peysur, úlpur og alls konar fleira skemmtilegt í Útilíf Kringlunni og Smáralind



The North Face Thermoball

Einn Jakki fyrir allar aðstæður, frábær á götuna og í gönguferðina. Thermoball einangrun frá Primaloft.

Verð 29.990 kr.



The North Face Ventrrix

Hlýr og vindtefjandi jakki með góðri öndun. Létt og góð einangrun fyrir útivistina í haust.

Verð frá 29.990 kr.



ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um magnaða sam-særiskenningu.

Bókin um daginn þegar sólin stóð kyrr“ var auglýsingaslagorðið sem útgefandinn Macmillan Press notaði á vordögum árið 1950 um glænýtt vísindarit. Verkið nefndist Worlds in Collision eftir rússneska höfundinn Immanuel Velikovsky. Bókin skaut á topp metsölulistans og vakti gríðarlegt umtal og athygli.

Ekki var við öðru að búast, enda setti höfundurinn fram æsilegar kenningar í verki sínu, bæði á sviði stjörnufræði og mannkynssögu. Velikovsky áleit að reikistjarnan Venus væri kornung og hefði brotnað frá Júpiter fyrir aðeins faeinum árþúsundum. Um 1.500 fyrir Krist hefði plánetan svo farið fram hjá Jörðinni á leiðinni á núverandi sporbraut sína og hefði sá fundur haft gríðarlegar afleiðingar í för með sér – þannig hefði snúningur Jarðar stöðvast um tíma og það leitt til skelfilegra náttúruhamfara. Þessir tilflutningar himintunglanna hefðu haft afleiðingar á Jörðinni næstu tvö þúsund árin eða svo áður en ró komst á og núverandi skipan reikistjarna festist í sessi.

Með þessari byltingarkenndu tilgátu, taldi Velikovsky sig geta skýrt ýmis atriði sem þóttu sérkennileg varðandi Venus, en einnig mætti með þessu varpa nýju ljósi á sögu mannsins. Heimildir um hamfarirnar miklu mætti finna í fjölda fornra menningarsamfélaga og þær hafi lifað áfram í goðsögum og endursögnum manna fram af manni.

Skemmst er frá því að segja að stjörnufræðihimurinn hafnaði kenningum Velikovskys algjörliga. Hann var sakaður um að misskilja og rangtúlka rannsóknir stjarnvísindamanna. Engin ástæða væri til að ætla að Venus sé kornung plánetan, auk þess sem atburðarás sú sem lýst er í bókinni hefði aldrei gengið upp af fjölmörgum ástæðum. Var bókaforlagið harðlega gagnrýnt fyrir að gefa slíkar delillkenningar út eins og um alvöru vísindarit væri að ræða og gefa hugmyndunum þannig lög-mætti í hugum fólks.

Svo fór líka að margir urðu til að leggja trúnað á hina frumlegu kenningu Rússans, þótt sérfræðingar skelltu skollaeyrum við henni. Tilgátur af þessu tagi, sem svipta grundvöllinum undan hefðbundnum skilningi fólks á fortíðinni, hafa löngum átt greiða leið að eyrum fjölda fólks. Má í því samhengi minnst feykilegra vinsældar afar fjarstæðukenndra hugmynda Svisslendingsins Erichs von Däniken um að helstu menningarsamfélög fornaldar hafi verið sköpuð af geimverum. Áhrifa frá Velikovsky gættir enn í dag, með óbeinum hætti þó. Má þar nefna einhverja sérkennilegustu sagnfræðitilgátu seinni ára: hugmyndina um upplögnu árin 297 í mannkynssögunni!



Er árið 1721 núna?

Almanakið véfengt Maður er nefndur Heribert Illig. Hann er Þjóðverji, fæddur árið 1947 og lagði stund á fjölda ólíkra greina á sviði hug- og félagsvísinda í háskóla. Einkum var hann áhugasamur um sögu og menningu Egyptalands hins forna og það var á þeim vettvangi sem hann kynntist kenningum Velikovskys.

Ein forsenda þess að tilgáta þess rússneska gengi upp var sú að forsgulegar frásagnir af stórkostlegum náttúruhamförum frá ólíkum menningarsamfélögum væru allar frá sama tíma. Í sumum tilvikum var auðvelt að hnika atburðum fram og aftur í sögunni, svo sem þegar kom að frá-sögnum Gamla testamentisins af syndafloðinu, grískum arfsögnum um eyðingu Atlantís og öðrum víðlíka atvikum. Málið vandaðist nokkuð þegar kom að samfélögum með lengri skrásetta sögu – og þá sérstaklega Egyptalandi.

Velikovsky greip til þess ráðs að hafna viðteknum hugmyndum um egyptska sögu og tímars áttunda. Til að kenningar hans gengi upp, hlutu nákvæmar kóngaraðir með ártölum sem náðu óralangt aftur í tímann að vera uppspuni og tilbúningur. Hinn ungi Illig sökktri sér ofan í þessi fræði og varð furdulostinn yfir því hvað margt í tímatalstútreikningum um sögu Egypta virtist standa á veikum fótum. Sérálitlar heimildir var að finna um mörg hundruð ára tímabil, þar sem treysta þurfti orðum örfárra sagnaritara. Niðurstaða hans varð sú að þegar kæmi að skilningi á fortíðinni værum við ofurseld frásögnum faeinna manna sem hæglega gætu fátalands með því að endurskoða viðtekna tímaása. Skrif hans um þessi efni vöktu nokkra athygli en

sannfærðu fáa. Hins vegar urðu þau til þess að koma honum í samband við aðra fræðimenn og sagnfræðigrískara sem rannsókuðu tímatal í leit að villum eða samsæri.

Um miðjan níunda áratuginn hóf Illig að kynna sér falsanir á miðaldaskjölum, en vísbendingar virtust um að fjöldi slíkra skjala væri miklu eldri en atburðirnir sem þau áttu að lýsa. Ef þær tilgátur reyndust réttar var eitthvað verulega skritið á seyði. Hvernig gátu skrifarar miðalda sagt svo nákvæmlega fyrir um óoröna atburði og hvaða tilgangur gat verið í því að fálisa skjöl sem ekki kæmu að gagni fyrr en mörgum öldum síðar?

Þótt Illig væri fráleitt neinn sérfræðingur um evrópska miðaldasögu, sannfærðist hann skjótt um að fiskur lægi undir steini. Á sama hátt og tímaás fornegyptskrar sögu væri seinni tíma tilbúningur, tók hann að gruna að krukkað hefði verið í tímatal miðaldamanna. Ef til vill væri saga Evrópu öllu styttri en flestir teldu?

Illig hóf að leita að vísbendingum um stórkostlegasta samsæri allra tíma og fljótlega virtust þær koma í ljós ein af annarri. Árið 1582 hafði gregorianska dagatalið tekið gildi í stað eldra dagatals sem kennt var við Júlíus Sesar. Við þá breytingu var tíu dögum sleppt úr almanakinu til að leiðrétta skekkju miðað við gang sólar. Samkvæmt útreikningum Illigs hefðu dagarnir þó þurft að vera fimm títan, sem væri skýr vísbending um að maðkar væru í mysunni.

Langstærsta samsæri Eftir því sem Illig kynnti sér betur sögu miðalda, þeim mun augljósara fannst honum misræmið milli þess hversu ríkar heimildir og forminjar mætti finna frá fornöldinni annars vegar og tímabilinu eftir árið 1000



... KRUKKAÐ HEFÐI

VERIÐ Í TÍMATAL

MÍDALDAMANNA.

hins vegar samanborið við fyrri hluta miðalda. Lengi hafði verið talað um hinar „myrku miðaldir“ sem langt tímabil stöðunar og litilla framfara á sviði lista og vísinda. Ýmsir höfðu reynt að skýra hvernig á þessu viðburðsnauda skeiði stæði, en nú taldi Illig sig hafa fundið svarið: miðaldir hefðu í raun verið miklu styttri en talið væri. Árin 614 til 911 hefðu aldrei átt sér stað!

Samkvæmt kenningunni höfðu páfinn í Róm, keisari hins heilaga rómverska ríkis og páfi austrómversku kirkjunnar í Býsans gert með sér samsæri seint á sjöundu öld um að breyta almanakinu og færa það fram um næri 300 ár. Það hafi í raun ekki verið eins flókið og ætla mætti, þar sem nær allir menntamenn þeirrar tíðar hafi verið í þjónustu þeirra. Allir munkar og aðrir kirkjunnar þjónar hafi fengið fyrirmæli um að láta eins og 297 ár hefðu liðið í raun og veru og taka mið af því í öllum sínum skrifum.

En hver væri ávinningurinn með slíku samsæri? Jú, frá upphafi höfðu Kristnir menn beðið endurkomu Krists og dómsdags í kjölfarið. Þau ragnarök höfðu látið eftir sér bíða, en ýmsir bundu vonir við að til tíðinda drægi á þúsund ára afmæli Jesú. Til marks um þá trú má nefna að talsverður kippur hljóp í kristnið með þegar líða tók að árinu 1000, eins og kristnitaka á Íslandi og í Rússlandi eru til marks um. Tilgáta Illigs er því sú að kirkjuhöfðingjarnir hafi viljað tryggja að þeir yrðu á valdastöli þegar hið orlagarika ár 1000 rynni í garð.

Það að bæta þessu öldum við mannkynssöguna fól einnig í sér marghættuð tækifæri fyrir valdhafa, sem gætu þar með spunnit í eyðurnar að eigin hentugleika. Og þar komum við einnig til hinu aðalatriðinu í kenningunni: tilvist Karlamagnúsar, fyrsta keisara hins heilaga rómverska ríkis.

Illig leit svo á að frá því um 614 til valdatöku Karlamagnúsar árið 768 ríkti nær erandi þögn í sögunni. Þá tæki við næri hálfáraldri tímabil stórtíðinda allt til dauða keisarans og því næst væri hálfgerð ördeyða næstu öldina. Samkvæmt samsæriskenningunni væri þetta afskaplega ósennileg framvinda. Sögurnar af Karlamagnúsi væru svo stórkostlegar og lýstu slíkum afrekum að þær hlutu að vera upplöggar með það að markmiði að styrkja valdakröfur hinna meintu afkomenda stríðshöfðingjans.

Ahugavert er að sjá hvernig Illig túlkaði skort á heimildum og ógnótt þeirra jöfnu höndum sem rök fyrir tilgátum sínum. Er það raunar almennt einkenni á höfundum samsæriskenninga.

Glöppurnar í kenningunni um almanakssamsæri mikla eru margar og stórar. Þannig hefur verið bent á að tilgátan haldi varla vatni þótt aðeins sé horft til sögu Vestur-Evrópu, líkt og Illig gerði að mestu. Séu önnur svæði tekin með í reikninginn komi enn betur í ljós hversu fráleitt sé að tala um þriggja alda eyðu í mannkynssögunni.

Sagnfræðingar hafa almennt ekki talið hugmyndina svaraverða og líta frekar á hana sem tilbúningu ætlaða fyrir æsifréttablöð en alvöru innlegg í fræðilega umræðu. Sjálfur telur Illig þetta afskiptaleyfi þó bara sönnun þess að sérfræðingarnir treysti sér ekki til að hrekja rök hans og staðfestingu á ágæti tilgátunnar. Það er nánast ómögulegt að kveða niður göða samsæriskenningu.

KOMDU

i

KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17



MJÓLKURBIKAR KARLA



ÚRSLIT
LAUGARDALSVÖLLUR
Í DAG 18:45





Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og styrk við andlát og útför eiginkonu minnar.

Ölfu Malmquist

Fyrir hönd aðstandenda, Pálmi Sveinsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma, **Ásdís Magnúsdóttir**

lést á Ullerntunet sykehjem í Oslo föstudaginn 31. ágúst. Bálför hennar fór fram í Oslo miðvikudaginn 12. september.

Minnningarathöfn í Reykjavík verður auglýst síðar.

Börn, tengdabörn og barnabörn.



Elsku hjartans vinir og vandamenn. Hugheilar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns mins, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa, **Arnfinns Friðrikssonar** ölkunnarna.

„Kærleikurinn er sterkasta aflið sem til er í heiminum og þó jafnframt hið högværasta sem unnt er að hugsa sér.“ (Mahatma Gandhi)

Steinunn Pálsdóttir

Sólveig Þóra Arnfinnsdóttir Guðmundur Jóhann Gíslason
Friðrik Páll Arnfinnsson Ragnheiður Vala Arnardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



„Veðrið er himneskt. Það er líklega verið að bæta okkur upp þetta sumar sem aldrei kom,“ segir Jón. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrst á svið fyrir 60 árum

Jón Kr. Ólafsson söngvari vinnur að útgáfu geisladisks. Þar flytur hann klassísk lög sem tekin voru upp fyrir 40 árum, við undirleik Ólafs Vignis Albertssonar pianóleikara.

Bíldælingurinn Jón Kr. Ólafsson er staddur hér syðra þessa dagana, „í hinni konunglegu borg“, eins og hann orðar það. Hann lætur bara vel af sér. „Veðrið er himneskt. Það er líklega verið að bæta okkur upp þetta sumar sem aldrei kom,“ segir hann. Kveðst búinn að reka tónlistarsafn í átján ár á Bildudal og aldrei hafa kynnst öðru eins aðsóknarleysi. „Það kom ekki sála í safnið. Íslendingar fóru náttúrlega ekkert vestur á firði í svona veðurfari, þeir héldu sig ýmist fyrir austan í sumar eða bara í Hollywood.“

Þegar Jón er spurður hvað sé annars títt, kemur fréttin: „Ég er að fara að gefa út, ja, líklega lokadiskinn minn – einsöngslög sem tekin voru upp þegar ég var þrítugur. Ég söng lögin inn í Ríkisútvarpinu við undirleik Ólafs Vignis Albertssonar pianóleikara. Við æfðum í tvo mánuði. Þetta var alvöru og ekkert verið að kasta til höndum.“

Hann segir það hafa verið Svavari Gests að þakka að þessar upptökur útvarpsins fóru ekki á haugana, eftir að búio var að nota þær í þætti hjá Jóni Gunnlaugssyni. „Næst þegar ég kom til

●● Það kom ekki sála í safnið. Íslendingar fóru náttúrlega ekkert vestur á firði í svona veðurfari, þeir héldu sig ýmist fyrir austan í sumar eða bara í Hollywood.

Reykjavíkur hitti ég Svavar. Hann var þá með sitt útgáfufyrirtæki og ég plötusölu maður hjá honum. Ég kom til hans á lagerinn og það fyrsta sem hann sagði var: „Ég er nú búinn að hlusta á þessar frábæru upptökur með þér, góði, og ég ætla bara að segja það strax að þetta verðum við að gefa út á plötu – núna.“ Svo gerði hann það, gaf efnið út á vinylplötu 1983. Það var stór plata sem hét Ljúfþýtt lag.“

Jón segir dægurlög hafa verið í bland við hin klassísku á vinylplötunni en

nú verði bara klassík og ekkert annað. Hann hafi orðið að láta endurvinnna upptökurnar, svo þurfi að senda þær til útlanda. Diskurinn eigi að heita Jón Kr. Ólafsson í 60 ár, enda séu 60 ár frá því hann steig fyrst á svið. En hvenær er von á diskinum? „Hann gæti komið út eftir miðjan nóvember. Ég er ekkert að stressa mig of mikið. Verð kannski á ferðinni hér aftur í byrjun nóvember og þá væri gott ef þetta yrði komið. Það er nú ekki það þægilegasta í heimi að stjórna í svona hlutum gegnum síma vestan af Bildudal. Ég er nefnilega forn-gripur sem er ekki með tölvu.“

Safnið hans Jóns heitir Melódiur minninganna og á liðnu vori segir hann kunningja sinn, Ingimar Oddsson, hafa gefið út plötu með sama nafni, honum til heiðurs. „Ingimar tileinkaði mér diskinn sinn á þeim forsendum að ég væri búinn að gera svo mikið fyrir íslenska tónlist. Hann gat látið það vera.“

Heyróu, nú þarf ég að senda til þín ljósmyndara, segi ég. „Já, en ég þarf að fara fyrst niður í STEF og svo aðeins að laga mig til svo ég verði ekki alveg eins og rifinn upp úr svelli.“

gun@frettabladid.is

Víð erum til staðar þegar þú þarft að okkur að halda

Jón G. Bjarnason, umsjón útfara



Útfararþjónusta
& lögræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfara ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogí | Sími 551 1266 | útför.is

Nægðni, hlýja og virðing Við unnlát ástvinar



Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 Þjónusta allan sólarhringinn
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Viltu birta minningargrein á frettablaðið.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettablaðið.is/timamot



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afa og langaafi, **Tómas Sæmundsson** skipstjóri,

lést að Hafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 12. september. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 18. september kl. 13.00.

Rannveig Reymondsdóttir Magnús Örn Tómasson Einar Björn Tómasson Oddný Halldórsdóttir Ólaf Arngrímsdóttir Magnús Halldór Gíslason Sólveig Þrándardóttir Jóða Elin Valgerður Margrétardóttir og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, fösturfaðir, tengdafaðir og afa, **Gisli Magnússon** frá Frostastöðum, til heimilis að Freyjugötu 28,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, þriðjudaginn 11. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 21. september kl. 13.00.

Ólaf Arngrímsdóttir Magnús Halldór Gíslason Sólveig Þrándardóttir Jóða Elin Valgerður Margrétardóttir og barnabörn.



Faðir okkar,
Sverrir Scheving Thorsteinsson
jarðfræðingur,

lést 8. september síðastliðinn.
Útförin fór fram í kyrrþey þann
13. september frá Hafnar­kirkju.

Þorsteinn Scheving Thorsteinsson
Brynhildur Scheving Thorsteinsson
Árni Scheving Thorsteinsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát ástkærs eiginmanns míns, besta vinar, föður okkar, tengdafaður og afa,
Helga Frimanns Jónssonar
stýrimanns.

Fyrir hönd aðstandenda,
Fríða Friðgeirsdóttir



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Jóhannes M. Lange
Viðihvamni 28, Kópavogi,
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 7. september.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Ólafur Á. Lange
Kristján R. Lange
Hannes Jóhannesson
Kolbrún Lange
Lilja G. Lange

Sigrún Guðgeirsdóttir
Jenny G. Jensdóttir
Lucía Guðmundsdóttir

afabörn og langafabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Þorleifur Finnjónsson
múraramestari,
Bjarkardal 2, Reykjanesbæ,

lést 11. september.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 19. september kl. 15.

Maria Finnjónsson
Edda Björt Edwinsdóttir
Margrét Svandís Þórisdóttir
og afabörn.

Bjarni Þorleifsson
Sveinn Þorleifsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Jóhannes Pálmi Ragnarsson
Kjarrmóa 11, Selfossi,
lést á gjörgæsludeild Landspítalans þriðjudaginn 11. september.

Ragnhildur Óskarsdóttir
Jón V. Albertsson

Guðný Ósk Pálmadóttir
Ragnar Waage Pálmason
Kolbrún Rut Pálmadóttir
Gyða Waage Pálmadóttir
Guðni Gestur Pálmason
Sandra Ósk Pálmadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Páll Geirdal Elvarsson
Ásgeir Benónýsson
Anna Berglind Svansdóttir
Bjarni Unnarsson



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Kristín Nilsen Beck
Sóltúni 13, Reykjavík,
lést á Droplaugarstöðum, þriðjudaginn 11. september. Útför fer fram frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 25. september kl. 15.00.

Sigurður Jónsson
Inga Sigurðardóttir
Jón Örn Sigurðsson
Þórður Þórðarson
Ragnheiður Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, bróðir, afi, tengdasonur og stjúpfaðir,
Ragnar Guðmundur Gunnarsson
blikksmiður,

lést á heimili sínu 24. ágúst sl.
Útförin fer fram frá Þorlákshafnar­kirkju þriðjudaginn 18. september kl. 14.00.

Barbara Þóra Kjartansdóttir
Ragnar Ingi Ragnarsson
Gunnar Þór Ragnarsson
Sigríður Ingibjörg Gunnarsdóttir
og fjölskylda.



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Bjarnhildur Helga Lárusdóttir
Fróðengi 3,

lést þann 12. september síðastliðinn.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ragnheiður María Guðmundsd.
Ragnar Ágúst Eðvaldsson
Bjarnhildur Helga Ragnarsd.
Magnús Ingi Finnbogason
Þórunn Magnæa Ragnarsd.
Eðvald Ágúst Ragnarsson
Jóhanna Dis Magnúsdóttir
Magnús Ingi Magnússon



Ástkær móðir okkar, systir, tengdamamma, amma og langamma,
Ingibjörg Sumarliðadóttir
frá Viðvík á Hellissandi,
lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð miðvikudaginn 12. september. Útförin fer fram frá Borgarnes­kirkju fimmtudaginn 20. september klukkan 12.

Helga Nina Svavarsdóttir
Svava Björg Svavarsdóttir
Svana Sumarliðadóttir
Ingi Þ. Ólafsson
Guðmundur V. Guðsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Hulda Inger Klein Kristjánsson
Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð 4. september. Útförin fer fram frá Digranes­kirkju mánudaginn 17. september kl. 11.

Sophus Klein Jóhannsson
Brynja Jóhannsdóttir
Ottó Ragnar Jóhannsson
Hjórdís Jóhannsdóttir
Áslaug Ingólfssdóttir
Rúnar Gíslason
Pálmey Jóhannsdóttir
Elin Margrét Jóhannsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og styrk við andlát og útför sonar míns og bróður,
Þorsteins Kristins Stefánssonar
Lokastíg 4, Dalvík.

F.h. aðstandenda,
Rannveig Anna Guðmundsdóttir



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns, föður, bróður og mágs,
Guðmundar Boga Breiðfjörð
blikksmiðs,
Laugateig 27.

Innilegar þakkir til starfsfólksins í Friðuhúsi og bílstjóranna á þeirra vegum fyrir hlýhug og góða samveru.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Bertha Ragnheiður Langedal



Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og frændi,
Agnar Þórisson
Naustabryggju 17, Reykjavík,

lést 12. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 19. september kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkuð en þeim er vildu minnst hans er bent á Langveik börn.

Lára Guðmunda Vilhjálmssdóttir
Linda Kristín Pálsdóttir
Hildur Þórisdóttir
Ester Rut Þórisdóttir
Eva María Lárudóttir
Kjartan Reynir Hjaltason
Bjarki Borgþórsson
Sigvaldi Fannar Jónsson
Ísak Lindal
og frændsystkin.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Hrafnhildur Magnúsdóttir
Neðstaleiti 8, Reykjavík,

lést á Landakoti föstudaginn 7. september síðastliðinn. Útförin fer fram fimmtudaginn 20. september frá Bústaðakirkju og hefst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarkort Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellova á vefsíðunni www.oddfellow.is (neðst á síðunni).

Guðmundur Pálsson
Ragnheiður Þóra Kolbeins
Auður Pálsdóttir
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
Guðbjörg Pálsdóttir
og fjölskyldur.



Hugheilar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Sigþórs B. Sigurðssonar
Klappartíg 35, Reykjavík.

Kolbrún Ágústsdóttir
G. Birna Sigþórsdóttir
Bylgja B. Sigþórsdóttir
Sigurður Már Sigþórsson
tengdadóttir, barnabörn og barnabarnabörn.



Við þökkum auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar
Svövu Sveinsinu Sveinbjörnsdóttur
frá Hnausum í Þingi, Fells­múla 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimabjónustu Reykjavíkurborgar og Viðeyjarstofu á Hrafnistu í Reykjavík fyrir góðan stuðning og þrýðilega umönnun um árabil.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ólafur R. Dýrmondsson
Jórunn S. Sveinbjörnsdóttir



Sendum okkar innlegustu þakkir til ættingja og vina nær og fjær fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Kristinar Pálsdóttur
frá Hjarðarbóli í Eyrarsveit.

Sérstakar þakkir sendum við starfsmönnum á Kriulundi, Hjúkrunarheimili Hrafnistu í Boðáþingi, fyrir einstaka hlýju og umhyggju.

Pálmar Einarsson
Sigríður Einarssdóttir
Jakobína Hrunn Einarssdóttir
Sædis Einarssdóttir
Svandís Einarssdóttir
Svava Einarssdóttir
Elin Snorradóttir
Hallbjörn Þorbjörnsson
Guðlaugur Einarsson
Magnús Jónasson
Kristján J. Kristjánsson
Birgir Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.




Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elsku föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
Guðmundar Eyjólfssonar
Veghúsum 1.


Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlýnningar og líknardeilda LSH í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Guðmundur Kr. Guðmundss.
Margrét Erla Guðmundsd.
Eyjólfur Brynjar Guðmundss.
Ágúst Ingi Guðmundsson
Hulda Björk Guðmundsdóttir
Hanna Guðrún Kristinsdóttir
Guðleifur Ragnar Kristinsson
Heiðrún Gunnarsdóttir
Sandra Rut Gunnarsdóttir
Halldór H. Sigurðsson
Ídania Guðmundsson
Anna Gunnlaugsdóttir
Þór Eiríksson
Pétur Hjaltested
Ágúst Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var SÓLBÆRJARSÁFT



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skygðu reitunum er raðað rétt saman birtast leiðbeinandi fyrirbæri. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „15. september“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þú og ég og allt hitt** eftir **Catherine Isaac** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku voru **Maggy og Helgi, Reykjavík**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 1 Treysti á að hlutfall ummáls og þvermáls sé vopn (7)
- 10 Grilla hreyfla og suðuvélar (12)
- 12 Fast á hæla bomsu er verra, segir fagmaður (9)
- 13 Kvelja jafnan sama leiðinlega gaurinn (7)
- 14 Held að íslenski cornettoísinn sé sá allra besta (9)
- 15 Er með bíl í rekstri þótt hillur dugi (6)
- 16 Drangur og eiði? Hvort tveggja er banvænt (7)
- 17 Þessir ákveðnu dallar eru ekki vænlegir til siglinga (9)
- 18 Bergmálshaf rannsakað með samnefnd tæki að vopni (6)

- 19 Glæpur var framinn utan við ögn (7)
- 23 Er þessi fauti enn í mót-mælum og rugli? (8)
- 27 Rómurinn bergmálar blaður um blikk (7)
- 31 Minar eru visnar, það er alveg víst (7)
- 32 Legg lélegt vopn að jöfnu við endaparm (8)
- 34 Krupu fyrir brall og brenglun (5)
- 35 Hin múruðu leiði eru yfirgnæfandi (7)
- 36 Ef þið mætti öll í einu verður allt líðið á staðnum (10)
- 37 Reykjavíkurlífa – nýr gamanleikur á gömlum grunni (5)
- 38 Tel að tal um teygjó og

- brennó sveipi mann fortiðarþrá (7)
- 39 Knúðum það fram sem við öðum yfir á sktugum skónum (10)
- 42 Sjónvarps-sápan lifir á ruglinu en hléið getur drepjið hana (5)
- 45 Viltu að ég ræði um áxvæti við öfgamennina? (10)
- 48 Er ungarnir umkringja þetta líð verður barnadeildin að bjarga því (11)
- 49 Kjaftskrakkinn hefur enn ekki orðið efni í söng (8)
- 50 Verðum fræðslu helst að líði með framleiðslu á skólábókum (13)
- 51 Af föstu og fyrisjäänlegu

- fólki (8)
- LÓDRÉTT**
- 1 Villirðu fríð í bili, þrýstur þá á þennan hnapp (9)
- 2 Þessi ákveðna öndvegissæð flýtur för matarins (9)
- 3 Óð gæta að æstum (7)
- 4 Nörruðu fé út úr einföldu fólki (9)
- 5 Hvi ætli áxvæxtir á viðavangi pirri fólk? (8)
- 6 Látum toppgaur ráða úrslitnum (8)
- 7 Fer í kringum skáldaðar en samþykktar reglur (8)
- 8 Kólf snerru má rekja til íþróttar (8)
- 9 Reka þetta grey úr mínum

- árgangi út af dýrslægri pest (9)
- 11 Fljótur að skóta rötum meðal strátoppa (8)
- 20 Uppfærum forn gildi (8)
- 21 Hinkruðu eftir hausum aldraðra fifla (9)
- 22 Þau tala um jafnt um Skrafi sem Kröflu (9)
- 24 Þessi visbending þolir að vera varpað fram áður en hún verður til skammar (12)
- 25 Klessubill eða ekki – hver ræður við það? (7)
- 26 Hef sett hinn látna á sinn stað, enda er málið mér skylt (7)
- 28 Vænti göðs afla neðan nauta og sauða (8)
- 29 Hrynjandi erindi fyrir músikölski merki (8)

- 30 Fyrirmynd víkinga og missera í menntó (8)
- 33 Ræktaði spark í nikkeli og fjaðrandi finerii (10)
- 40 Ormur í u-beygju er hrein dásæmi! (6)
- 41 Ránornggi tryggja að lending fæst í þetta nafn (6)
- 43 Mun fljót duga til að gleði verði við völd? (6)
- 44 Þetta er ekkert útnes, þvert á móti – og þó (6)
- 45 Nýtir nef sitt þótt það fari úr skorðum (5)
- 46 Það mun geisla af þessu við-biti um ókanna tíð! (5)
- 47 Tel kriu bæta það sem vantar á hænu- (5)

LÉTT

		8		5				7
	1	6	4		7			5
		7	8					
		9					7	
4	3	9	6	1				
1			7		9	6		
9			2	5	8		4	
			8	3		2		
8	6		4		1	3		

MIDLUNGS

			5		2	6			7
		9				7		6	1
			8				9		
4						9			2
	8	9	1						6
1		3	5						
						2			
								1	8
5	4	2	8		1				

ÞUNG

								7	2	4
4		6					3		5	
						5				
		5	8	2						6
		4		6						
2						4				
								6		
		2	1	7				9		8
6		9	5	8						7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Bridge

STÓR SIGUR Í SÍÐUSTU UMFERÐ

Bikarúrslit Bridgesambands Íslands voru spiluð um síðustu helgi. Í undanúrslitunum áttust við sveitir Kópavogs 1 og Vopnabræður annars vegar og Kristján Blöndal og Hótel Hamar hins vegar. Kópavogur 1 vann nauman sigur 115-112 og sveit Kristján Blöndal vann 125-96. Það voru því sveitir Kópavogs 1 og Kristján Blöndal sem áttust við í úrslitaleiknum sem var 64 spil. Kópavogur 1 byrjaði betur og vann 3 fyrstu loturnar af 4. Þær fóru 48-22, 37-34 og 31-24 og allt leit út

fyrir sigur Kópavogs 1. En spilarar í sveit Kristján Blöndal voru ekki á því og unnu síðustu lotuna stórt 65-17 og leikinn 145-33. Þeir unnu því bikarkeppnina. Spilarar í sveit Kristján Blöndal voru auk hans bræðurnar Birkir og Steinar Jónsson, faðir þeirra Jón Sigurbjörnsson og spilarafélagarnir Guðmundur Baldursson og Steinberg Rikharðsson. Eftirfarandi spil kom fyrir í úrslitaleiknum. Slemma var spiluð á báðum borðum í NS. Austur var gáfari og AV á hættu:

Norður
 ♠ AK6
 ♥ KD87
 ♦ 1075
 ♣ K98

Vestur
 ♠ 97542
 ♥ G432
 ♦ 8
 ♣ D73

Austur
 ♠ G103
 ♥ 1096
 ♦ K9432
 ♣ G4

Suður
 ♠ D8
 ♥ A5
 ♦ ADG6
 ♣ Á10652

Á borðinu þar sem bræðurnir Birkir og Steinar voru NS enduðu sagnir í 6 gróndum. Útspilið var ♠ og sagnhafi svin- aði strax ♥ og gaf síðan 1 slag á ♣. Sagnhafi gat lagt upp fyrir 12 slag. Á hinu borðinu enduðu sagnir í 6 laufum sem var slemma með allt aðrar forsendur. Þar var útspilið einnig spaði. Sagnhafi tók trompin og gaf strax slag á ♣. Vörnin spilaði áfram spaða og allir spaðarnir teknir. Þá kom ♥ á ás og trompin tekin í botn. Síðan kom ♥ og KD tekin. Þegar liturinn brotnaði ekki þá var ♦ spilað. Austur setti lítið spil og sagnhafi fór upp með ás í þeirri von að vestur væri þvingaður í litnum. En austur átti kónginn og slemman fór 1 niður. Það var 14 impa gróði til sveitar Kristján Blöndal.

Skak



Capablanca átti leik gegn Tanarov í New York árið 1918.

Hvítur á leik
1. Rh6+! Kh8 2 Dxe5! Dxe5 3. Rxf7+! 1-0. Fyrri hluti Afmælis- móts Hróksins fór fram í gær þegar fjórar fyrstu umferðirnar voru tejar. Mótinu lýkur í dag með seinni fjórum umferðunum. Ahorf- endur velkominn í Ráðhúsið. www.skak.is: Allt um Afmælistöf Hróksins.

PIER

FEGRUM STOFUNA



ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR AF
SÓFUM



ARAN sófi
48.930,- ~~69.900,-~~



MUNICH hilla
71.920,- ~~89.900,-~~



MUNICH skenkur
79.920,- ~~99.900,-~~



MUNICH sjónvarpsskenkur
79.920,- ~~99.900,-~~



GORDES hilla
47.920,- ~~59.900,-~~



HELSINKI skenkur
34.930,- ~~49.900,-~~

ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR AF
STOFUHÚSGÖGNUM



ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR AF
HÆGINDASTÖLUM

RUSSELL stóll
10.392,- ~~12.900,-~~

FRÁBÆR VIKUTILBOÐ!



ADELINE skápur
75.000,- ~~129.900,-~~



ZWETTL skápur
90.000,- ~~149.900,-~~



ADELINE skenkur
60.000,- ~~99.900,-~~



www.pier.is

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 13. sept - 19. sept. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



HÚSASMÍÐJAN

blómaval



Skoðaðu tilboðin á husa.is

Útsölnunni lý

Útsölu



25-35%
AFSLÁTTUR
BLÖNDUNARTÆKI



30%
AFSLÁTTUR
GARBVERKFAERI



50%
AFSLÁTTUR
TRUE NORTH
ÚTIVISTARFATNAÐUR



30%
AFSLÁTTUR
POTTAR OG PÖNNUR



20%
AFSLÁTTUR
VINNUFATNAÐUR



20-35%
AFSLÁTTUR
OLÍUFYLLTIR
RAFMAGNSOFNAR



30-40%
AFSLÁTTUR
VERKFERATÖSKUR



25%
AFSLÁTTUR
LJÓS*

20-25%
AFSLÁTTUR
ÁLTRÖPPUR
OG STIGAR



20-30%
AFSLÁTTUR
RYKSUGUR



25-35%
AFSLÁTTUR
HREINLÆTISTÆKI



25%
AFSLÁTTUR
SMÁRAFTÆKI
Í ELDHÚSÍÐ



30%
afsláttur



15.995 kr
~~22.945~~ kr

Borvél 18V
2 stk., Li-ion 1.5Ah
rafflöður, hersla 40Nm.
5245567

35%
afsláttur



5.476 kr
~~8.425~~ kr

Stingsög KS701PE3S
520W, framkast.
5246018



995 kr
~~1.695~~ kr

Verkfærataaska
Topex, 18"
5024805

41%
afsláttur

Allt pallaefni á TAX FREE • Allt pallaefni á TAX FREE

Þykur um helgina

Upplokk



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

Við BERJUM niður
verðið



25%
AFSLÁTTUR
LADY MÁLNING



20-35%
AFSLÁTTUR
RAFMAGNSVERKFÆRI



25-40%
AFSLÁTTUR
HARÐPARKET KAINDL



30%
AFSLÁTTUR
VIÐARVÖRN
OG PALLAOLÍA



30%
AFSLÁTTUR
HNIFAPÖR OG
MATARSTELL



25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
POTTAPLÖNTUM



30%
AFSLÁTTUR
RIVERDALE VÖRUR



25-30%
AFSLÁTTUR
GJAFAVÖRUR, KERTI,
LUKTIR O.F.L.

30%
afsláttur



3.493 kr
~~4.990 kr~~

Matarstell 12 stk.
Diskar, djúpir diskar.
2009000

21%
afsláttur

Sjáðu
verðið!



54.990 kr
~~69.900 kr~~

KitchenAid
Hrærivél
Kitchen aid,hvít/mött.
1801041

45%
afsláttur

Sjáðu
verðið!



7.995 kr
~~14.495 kr~~

HEKKKLIPPUR BEHTS301
500W, 50 cm, klippigeta, 22 mm, með
möguleika á 35 mm sögun.
5083646

Allt pallaefni á TAX FREE • Allt pallaefni á [VEFVERSLUN HUSA.IS](https://www.vefverslun.husa.is)

Alsið er til gáttar á öllum mörktum. *Lengra líga verð húsamöjunnar og tilbodavörum. *Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavæki. Úvali gætur verð misjafnr milli verslana.

*Gildir ekki af Hús í ljósum.

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi

318

„Þetta er nú meira veggskriflið,“ sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein,“ bætti hún við með fyrir-litningu. „En hann er nú bara orðinn gamall,“ sagði

Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum,“ bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur,“ sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram,“ sagði Kata. „Spurning hvort það vanti

það marga steina að við komumst í gegnum gatið,“ bætti hún við glottandi. Enda augljóst að auðvelt væri að komast í gegnum svona stórt gat án þess að þurfa að troða sér.

Getur þú hjálpað þeim að telja hvað vantar marga steina í vegginn?



Lausn á gátunni

Listaverkið

Sólveig Tinna Leifsdóttir, fjögurra ára, sendi okkur þessa mynd. Hún er í leikskólanum Hofi.



Valdimar Kári æfir fótbolta og handbolta til skiptis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Langar að prófa fjallaskíði

Valdimar Kári Örnólfsson er sprækur strákur sem verður tíu ára eftir morgundaginn og ætlar að halda upp á það með vinum sínum.

Valdimar Kári er byrjaður að plana stórafmælið á mánudaginn. En hvernig?

Við erum þrír strákur sem ætlum að halda upp á afmælin okkar saman og það er bíóafmæli. Við bjóðum öllum strákunum í árganginum okkar í Flataškóla.

Hvaða mynd ætlið þið að sjá? Hún heitir The House with a Clock in Its Walls og fjallar um strák sem er nýorðinn munaðarlaus og fer þá til frænda síns og konunnar hans. Þar kemst hann að því að frændi hans er seiðkarl.

Úúú ... en spennandi. En hvað finnst þér skemmtilegast að læra í skólanum? Það er úr mörgu að velja en ég mundi segja stærðfræði. Mér finnst gaman í margföldun.

Ertu íþróttagaur líka? Já, ég er í Stjórnunni og æfi fótbolta og handbolta til skiptis.

En hvað um skíði? Ja, ég æfi nú ekki á skíðum í Stjórnunni en fer oft að renna mér á veturna, ef snjór er. Hef farið til útlanda í skíðaferðir, bæði Austurríkis og Ameríku. Mig langar að læra á gönguskíði, eins og mamma, og líka prófa fjallaskíði, þá getur maður farið upp brekkur á skíðunum.

Hefurðu ferðast eitthvað í sumar? Já, ég fór til Majorca og er nýkominn

STÆRSTA RENNIBRAUTIN ER ROSALEG, SVONA 125 METRA HÁ. ÉG VAR MJÖG STRESSADUR, ÉG ER SKO ÞÍNU LOFTRÆDDUR.

heim. Ég fékk fullt af fötum, meira að segja afmælisgjöfina frá mómmu minni, það er nýr æfingabúningur Barselónaliðsins, hann er fjölu-blár með grænum röndum. Niður axlirnar og niður á olnboga. Ég má ekki nota hann fyrr en eftir afmælið.

Við fórum að skoða tvo kastala og í rísa vatnagarð. Stærsta rennibrautin er rosaleg, svona 125 metra há. Ég var mjög stressaður, ég er sko þínu loftræddur. Hinrik, bróðir minn er samt enn loftræddari en ég dró hann í hana. Svo var ótrúlegt útsýni úr veitingastað sem við fórum á síðasta kvöldið, snekkjur og skútur og litil eyja.

Ég þurfti að plata mómmu svolitíð í lokin til að við bræðurnir gætum komið henni á óvart, því hún átti afmæli. Ég bað hana að hjálpa mér að leita að klósettinu og þá gat Hinrik pantað eftirrétt með stjörnu-ljósum.

BÓKA

MARKAÐUR

Á FISKISLÓÐ 39
OPIÐ ALLA DAGA KL. 10-19

ALDREI
MEIRA
ÚRVAL

Allt að
90%
afsláttur



FORLAGIÐ



ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON

LES UPP ÚR VÆNTANLEGRI
BÓK UM HENRI
SUNNUDAG KL. 14




990 kr.



490 kr.


GRILLAÐAR
PYLSUR OG DJÚS
LAUGARDAG
KL. 13



990 kr.



990 kr.



9.990 kr.

TAKMARKAÐ MAGN



190 kr.



KOOMSON - PAKKI
990 kr.




MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS | GJÖF FYRIR ALLA SEM KOMA

*Birt með fyrirvara um prentvillum. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur




Vaxandi austlæg átt í dag, 10-20 og rigning um landið sunnanvert siðdegis, hvassast undir Eyjafjöllum og suðaustanlands. Hægari og þurrkt að kalla N-til fram á kvöld. Talsverð rigning SA-lands annað kv-kvöld. Hægara og úrkomuminna allra syðst seint um kvöldið. Fremur svalt í nótt en 5 til 10 stiga hiti á morgun.

Heimurinn

Kaupmannah. Oslo 15°	Stokkhölmur 16°	Gautaborg 16°	Helsinki 15°	Þórshöfn 10°	Nuuk 3°
London 20°	Amsterdam 18°	Paris 21°	Berlin 19°	Madrid 27°	Róm 29°
Boston 18°	New York 20°	Orlando 26°	Moskva 21°	Singapur 28°	Sydney 15°

Reykjavík



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
9° ← 5	10° ← 5	9° ↙ 13	9° ↙ 7	7° ↓ 9

Ísafjörður



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
4° ← 14	5° ← 12	4° ↙ 18	4° ↙ 24	2° ↓ 15

Akureyri



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
5° ← 10	6° ↙ 6	5° ↙ 11	7° ↙ 11	6° → 4

Egilsstaðir



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
6° ← 10	8° ↙ 6	7° ↙ 13	8° ↖ 10	10° ↑ 10

Kirkjubæjarklaustur



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
7° ← 5	10° ↙ 4	10° ↙ 15	9° ← 7	9° ↑ 4

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



M18 FCS66
Alvöru hjólsög frá Milwaukee

POWERSTATE™ mótur.
REDLINK PLUS™ yfirlagsvörn
REDLITHIUM-ION™ rafhláða

Sveigjanlegt rafhlöðu kerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

Verð 49.900 kr. (án rafhlöðu)

VERKFERA SALAN

vfs.is

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á VEFSDUNNI OKKAR www.skornirhinir.is

ÖRUGG SKREF ÚT Í LÍFIÐ

í fyrstu skónum frá Biomechanics

Biomechanics-skórnir auðvelda börnum að taka fyrstu skrefin. Aukinn stuðningur frá hliðunum bætir jafnvægi og eykur stöðugleika. Börnin komast auðveldar áfram og af meira öryggi þökk sé sveigjanlegum sóla og sérstyrktri tå.

biomechanics®

Stærðir: 18-24
Verð: **7.995**
Margir litir

skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ

Sjónvarpsáskrift og fjarskipti á betra verði



Heima

Viðskipta-
vinir í Heima fá
10x fleiri GB
í farsíma-
áskrift

Heima er heildarpakki sem inniheldur bestu fjarskiptin sem við höfum upp á að bjóða fyrir heimilið. Þú velur svo þá sjónvarpsáskrift sem hentar þínu heimili best.

Verð frá 12.990 kr. á mánuði*
Kynntu þér Heima á vodafone.is

Framtíðin er spennandi.
Ertu til?

 **vodafone**

*Aðgangsgjald 3.190 kr./mán. er ekki innifalið í verði.

Sýning um samband manneskjunnar við veðrið

Marta Sigríður Pétursdóttir er sýningarstjóri haustsýningar Hafnarborgar. Fimm listakonur sýna verk sín. Sýningin er samspil myndmáls og texta.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Marta Sigríður Pétursdóttir er sýningarstjóri Allra veðra von sem er haustsýning Hafnarborgar. Á sýningunni eru verk eftir fimm listakonur, þær eru: Halla Birgisdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Ragnheiður Maisól Sturludóttir, Sigrún Hlín Sigurðardóttir og Steinunn Lilja Emilsdóttir.

Frumraun sem sýningarstjóri

